

TÓMAS R. EINARSSON

Spilaði á djasshátíð á slóðum Drakúla greifa

• bílar • ferðir
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



LANDSBANKINN OG GLITNIR

Sameinaður banki yrði á við Kaupþing

Markaðurinn
FYLGRIR BLAÐINU Í DAG





EKVADOR

Suður-amerísk menningarhátíð
í Kópavogi 4.–12. okt. 2008

Jacchigua
Danssýning fyrir alla fjölskylduna
í Salnum 4., 5., 8., 10. og 11. okt.
Miðasala á salurinn.is og í síma 570 0400

FRÉTTABLAÐIÐ

1. október 2008 — 267. tölublað — 8. árgangur Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR



Húsaskjól fyrir vegalaus dýr

Dýrahjálpi Íslands vinnur að því að setja á fót dýraathvarf.

TÍMAMÓT 18

Minnist Hrafnhildar

Fríðrik Ómar heldur styrktartónleika til minningar um Hrafnhildi Lilju Georgs-dóttur.

FÓLK 30

Eftirsóttur

Hallgrímur Jónas-son er undir smásjá fjölda félaga bæði hérlandis og erlendis.

ÍPRÓTTIR 26




Bleika slaufan

—árveknisátak um brjóstakrabbamein—
Söfnunarmarkmið 40.000 slaufur

0%20406080100

VEÐRIÐ Í DAG



STÍF NORDAN ÁTT í dag verða norðan 8-15 m/s víðast hvar. Snjó-koma eða slydda norðan og austan til en þurr og bjart með köflum syðra. Hiti 0-6, mildast sunnan til.

VEDUR 4



KOMDU Á RISASTÓRA OPNUNARHÁTÍÐ OKKAR Í GRAFARVOGI PANN 4. OKTÓBER KL. 8



KORPUTORG 112 REYKJAVÍK

Yfirtaka á Glitni hefti ríkið

Erlend matsfyrirtæki óttast að yfirtaka ríkisins á Glitni geti reynst of stór biti og staðið öðrum aðgerðum ríkisins fyrir þrifum. Óvíst er um sölu hlutarins á næstunni. Gengi krónunnar lækkaði um fimm prósent í gær.

EFNAHAGSMÁL Gengi krónunnar féll um ríflega fimm prósent í gær og hefur það aldrei verið lægra. Ólíklegt er talið að ríkið geti í bráð losað sig við 75 prósent hlut sinn í Glitni, en stjórnvöld segjast ekki ætla að eiga hlutinn til langframa. Þetta kemur fram í nýju mati Fitch Ratings á Glitni. „Virðist sem téð matsfyrirtæki álíti að íslenska ríkið hafi tekið sér stærri bita í munn en það nái að kyngja varðandi fjármögnun hins nýja ríkisbanka á næstu mánuðum“, er niðurstaða greiningardeildar Kaupþings í kjölfar þess að erlend matsfyrirtæki hafa hvert af öðru sent tilkynningar um lækku- un á lánsþæfiseinkunn íslenska ríkisins. Moody's lækkaði nú síðast

RÝRNUN KRÓNUNNAR

1. okt 2007



1. okt 2008



VERÐGILDI ÍSLENSKU KRÓNUNNAR ER AÐEINS UM 60 PRÓSENT AF ÞVI SEM ÞAÐ VAR FYRIR RÉTTU ÁRI.

lánsþæfiseinkunn Glitnis og íhugar að lækka einkunnir hinna stóru bankanna. Greiningardeild Kaupþings segir jafnframt að yfirtaka ríkis-

ins á Glitni sé auk þess talin takmarka svigrúm ríkisins til þess að bregðast við öðrum lausafjár- vandamálum í íslensku fjármála- kerfi. Gengi krónunnar hefur fallið næstum stöðugt allt undanfarið ár. Virði hennar er aðeins ríflega helmingur þess sem það var fyrir réttu ári. Danska krónan kostar nú tuttugu íslenskar og japanska jenið er komið upp í heila krónu. Verðmæti hlutar ríkisins í Glitni- is jókst um 116 milljarða króna í gær, en þá hófust að nýju viðskipti með hlutabréf í bankanum. Tap annarra hluthafa Glitnis nemur hátt í 170 milljörðum króna eftir gærdeginn. Þorsteinn Már Bald- vinsson, stjórnarformaður Glitnis,

sagði í viðtali við Kastljós í gær- kvöldi að stærstu mistök sem hann hefði gert lengi, hefðu verið að leita til Seðlabankans vegna vand- ræða Glitnis. Þorsteinn segir að Davíð Odds- son og Geir H. Haarde hafi sett afarkosti án þess að meta veð fyrir láni til Glitnis. Davíð hafi boðað til blaðamanna- fundar áður en helstu hluthafar í Glitni höfðu undirritað samkomu- lag um að ganga að tilboði ríkisins, þvert á loforð um annað frá bankanum. Viðskipti með þrjá sjóði bankans hefjast aftur í dag. Öll skuldabréf Stoda, sem eru í greiðslustöðvun hafa verið tekin úr sjóðunum. - shá, ikh / sjá síður 2, 4, 6 og Markaðinn



BLEIKA SLAUFAN Hendrikka Waage nælir fyrstu bleiku slaufunni í jakka Dorritar Moussaieff forsetafrúar og Guðrún Agnars- dóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins, stendur hjá.

Ætla að selja 40 þúsund bleikar slaufur til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands: Nýr tækjabúnaður skiptir sköpum

HEILBRIGÐISMÁL Árvisst söfnunaráttak Krabbameins- félags Íslands hefst í dag með sölu á bleiku slauf- unni. Dorrit Moussaieff forsetafrú veitti fyrstu bleiku slaufunni viðtöku í höfuðstöðvum Krabbameinsfé- lags Íslands í gær. Dorrit heimsótti einnig Leitarstöð Krabbameinsfélagsins og skoðaði nýjan stafrænan tækjabúnað leitarstöðvarinnar sem sagður er skipta sköpum í nýgreiningu á brjóstakrabbameini. Bleika slaufan er í ár hönnuð af Hendrikku Waage

sem hlotið hefur alþjóðlega viðurkenningu fyrir skartgripahönnun sína. Markmið Krabbameinsfélagsins er að selja 40 þúsund bleikar slaufur fram til 15. október næstkomandi. Um fjögur þúsund slaufur höfðu verið seldar í forsölu til fyrirtækja í gær. Lesendur Fréttablaðsins geta fylgst með því hvernig Krabbameinsfélaginu gengur að ná markmiði sínu á forsíðu Fréttablaðsins næstu fimmtán daga. - ovd

Fundir á kvöldin og nóttunni: Vaxandi þungi hjá Straumi og Landsbanka

VIÐSKIPTI Þunginn í viðræðum Straums og Landsbankans um sameiningu hefur aukist. Unnið var langt fram á kvöld í höfuð- stöðvum Landsbankans í gær. William Fall, forstjóri Straums, og Björgólfur Thor Björgólfsson stjórnarformaður voru þar báðir. Björgólfur Thor og bankastjórar Landsbankans ræddu við forsætisráðherra um bankamál í fyrrakvöld. Ýmislegt hefur dunið á Landsbankanum undanfarið. Nefna má Nýsi, Eimskip og nú Stodir, sem skulda Landsbankan- um umtalsvert fé. Þá hefur Straumur tilkynnt um hugsanlegt milljarðatap vegna gjaldþrots bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers. Þá hefur tapast fé vegna gjaldþrots XL Leisure. Fitch hefur lækkað lánsþæfis- einkunn Straums og Landsbank- ans. Moody's íhugar að lækka lánsþæfismat Landsbankans. - ikh



Kafbátur mánaðarins Pizzabátur 6 tommu bátur 329 kr.

Gildir í okt. 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Sögmumali

OPNUM EFTIR 3 DAGA!



RÚMFATA LAGERINN
HERBERGÍÐ • BADIÐ • HEIMILIÐ
KORPUTORG

SPURNING DAGSINS



Björk, ætla þú að taka að þér böðulsdjobbið?

„Ég get verið orðaböðull í hita leiksins en ég vil að þeir sem fara með fé fólksins í landinu axli ábyrgð sjálfir. Ég ætti ekki að þurfa að hjálpa þeim við það.“

Í kjölfar fréttu um aðkomu ríkissjóðs að Glitni sagði Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, í umræðum á netinu að „afhausa“ ætti „bankamafíuna“.

Neita að viðurkenna fullveldi: Serbar íhuga að skipta Kósóvó

SERBÍA, AP Boris Tadic, forseti Serbíu, sagði í gær að hugsanlega verði að skipta Kósóvó upp eftir



BORIS TADIC

þjóðarbrotum, takist stjórnvöldum í Serbíu ekki að koma í veg fyrir sjálfstæði Kósóvó.

Um tvær milljónir manna búa í Kósóvó. Yfir nú af hverjum tíu eru af albönskum

uppruna, en um 200 þúsund íbúar eru Serbar. Þeir búa á landsvæði sem er um 15 prósent af landsvæði Kósóvó.

Um 45 lönd hafa viðurkennt sjálfstæði Kósóvó, þar á meðal Bandaríkin, Ísland og fjölmörg Evrópuríki.

- bj



FRÁ BORGARLEIKHÚSINU Magnús Geir fagnar því með starfsfólki Borgarleikhússins að yfir 4 þúsund áskriftarkort að sýningum leikhússins eru seld.

Metsala á áskriftarkortum:

Hrærð yfir áhuga fólks

MENNING „Við erum glöð og hrærð yfir þessum áhuga og trausti sem leikhúsgestir sýna okkur og sýningum að standa undir því með sýningum í vetur,“ segir Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins.

Starfsfólk Borgarleikhússins fagnaði því í gær að yfir 4 þúsund áskriftarkort að sýningum leikhússins eru seld. „Þetta er sjöföld sala frá síðasta leikári og það eru ennþá þrjár vikur eftir af kortasölunni,“ segir Magnús Geir. Hann segir að nú þegar hafi Borgarleikhúsið selt meira af áskriftarkortum en nokkurt annað íslenskt leikhús á einu leikári. Hann þakkar vali á verkefnum og listamönnum þennan mikla áhuga.

- ovd

SVEITARFÉLÖG

Fá styrk til líkamsræktar

Starfsmenn sveitarfélagsins Ölfuss fá framvegis 20 þúsund króna styrk á ári til að stunda líkamsrækt í íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins. Jafnframt samþykkti bæjarstjórn á fimmtudag að leigja tveimur tiltekn-um einstaklingum húsrými til að reka líkamsræktarstöð í íþróttamiðstöð Þorlákshafnar.

Guðni Ágústsson segir að við sérstakar aðstæður þurfi sérstök úrræði:

Genginu jafnvel handstýrt

STJÓRNMÁL Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, segir að í kjölfar umfangsmikilla aðgerða til bjargar Glitni þurfi að fylgja markvissar efnahagsaðgerðir stjórnvalda. Hann telur að til greina komi að styrkja gengi krónunnar með handaflí.

„Það verður að lækka vextina með handaflí og ná tökum á krónunni, þess vegna með handaflí,“ segir Guðni. Hann bendir á að Bandaríkjamenn hafi kastað fyrir róða öllum lögmálum í efnahagsmálum og að ekki verði hjá því komist að hugsa mál hér upp á nýtt. „Það getur þurft að ráðast í skammtímaaðgerðir með nýjum

úrræðum,“ segir hann. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir að handstýring gengisins hafi ekki verið skoðuð sérstaklega en fram til þessa hafi hagfræðingar hvorki talið hagfræðilega gerlegt né trúverðugt að festa gengið með handaflí.

Sjálfur sé hann á sama máli; það yrði ekki til að auka trúverðugleika efnahagskerfisins að beita slíkum aðferðum. Í það minnsta þurfi að skoða slíkt afar nákvæmlega áður en því er velt upp.

„Eina leiðin sem blasir við okkur nú er að standa óhikað við þá peningamálafestun sem hér er,“ segir Björgvin.

- bps



GUÐNI ÁGÚSTSSON Bendir á að Bandaríkjamenn hafi kastað fyrir róða öllum lögmálum í efnahagsmálum og að ekki verði hjá því komist að hugsa mál hér upp á nýtt.

Fá eldsneytið hjá veitingamönnum

Óttar Ingason og Haraldur Bjarnason keyra um á bílum sem eru knúnir áfram af matarolíu og fá eldsneytið á veitingahúsum. Bíll Haraldar gengur undir nafninu Kleinubíllinn en hann segist spara um 300 þúsund í eldsneyti á ári.

NEYTENDAMÁL Óttar Ingason, fangavörður frá Akureyri, hefur undanfarin þrjú ár ekið á Land Rover jeppum sem ganga fyrir notaðri matarolíu sem hann fær frá veitingastaðnum Greifanum þar í bæ. Einnig er hann að prófa sig áfram með vetnisframleiðslu og -nýtingu í bílunum.

„Ég er með tvo tanka og þegar ég set bílinn í gang þá gengur hann á dísil en svo þegar hann er kominn á miðstöðvarhita þá svissa ég yfir á matarolíuna. Og það finnst enginn munur á; hann eyðir alveg jafn miklu og er alveg jafn kraftmikill eða kraftlítill réttara sagt. Land Rover-jepparnir eru ósköp máttlaus greyin.“

Óttar hefur sjálfur hannað búaðinn fyrir matarolíuna en einnig er hægt að kaupa hann eins og Haraldur Bjarnason hefur gert og sett í Benz bifreið sína. „Síðan fæ ég olíuna á veitingastaðnum Laugaás svo þetta sparar mér svona um 300 þúsund á ári sem annars færu í olíukostnað,“ segir Haraldur. „Búnaðurinn kostaði um 40 þúsund svo þetta er fljótt að borga sig. Þannig að ég er hæst-ánægður með þetta þó að sumir vilji stríða mér svolítið á þessu; kalla bílinn minn kleinubíll.“

Bíllinn er með 25 lítra matarolíutank og segist Haraldur komast um 200 kílómetra á einum tanki. „Það eru fleiri þúsund bílar í Bandaríkjunum knúnir áfram með matarolíu enda eru menn farnir að stela henni og slást um hana,“ segir Haraldur. Þessi búnaður virkar þó ekki í öllum bílum, til dæmi í nýjustu bílunum. „Tölvubúnaðurinn í þeim fer



ÓTTAR MILLI LAND ROVER-JEPPANNA Báðir jepparnir ganga fyrir matarolíu og nú er Óttar að gera tilraun um að bílarnir nýti vetni og framleiði það einnig.

MYND/HEIDA.IS



HARALDUR OG KLEINUBÍLLINN Eigandann er alveg sama hvað fólk kallar bílinn. Hann hefur sparað honum skildinginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

alveg í keng þegar hann skynjar matarolíu í kerfinu,“ útskýrir Óttar og hlær við. En hvernig

brást Arinbjörn Þórarinnsson, veitingamaður á Greifanum, við þegar Óttar kom fyrir þremur árum og bað um steikarolíuna á bílinn sinn? „Ég er nú þekktur fyrir alls konar fyrirbæri og það eru allir löngu farnir að taka þeim vel og það sama gerði hann.“

Tilraunin um að knýja bílinn áfram með vetni gengur ágætlega að sögn Óttars. „Þetta byggist á því að bíllinn býr til vetnið sjálfur þannig að hann er ekki að rogast með það í tönkum; hann klýfur vatnið og sogar það inn í kerfið og sparar þannig olíuna. En þessi vetnisframleiðsla er enn á tilraunastigi hjá mér.“ jse@frettabladid.is

Endurskoðað frumvarp um björgunaraðgerðir lagt fram vestra á fimmtudag:

Lítið vantar upp á samkomulag

BANDARÍKIN, AP Fulltrúar demókrata og repúblikana vinna nú hörðum höndum að því að ná samkomulagi um breytingar á frumvarpi um stórtækar aðgerðir til bjargar fjármálakerfi Bandaríkjanna, en til að tryggja því samþykki þurfa aðeins tólf þingmenn að skipta um skoðun. Búist er við að nýtt frumvarp verði lagt fyrir á fimmtudag, en þá er næsti þingfundur.

Ekki er talið að gera þurfi miklar breytingar á frumvarpinu, en meðal ákvæða sem líklega verður breytt til að tryggja stuðning fleiri repúblikana er ákvæði um að Tryggingarsjóður innistæðueigenda hækki hámarkstryggingu sína úr 100.000 dollurum í 250.000 dollara. Ólíklegt er talið að krafa margra demókrata um að dómurum verði gefin heimild til að breyta vöxtum og endurgreiðslubyrði á fasteignalánunum í gjaldþrotamálum verði samþykkt.

Hlutabréfamarkaðir tóku við sér í gær eftir metlækkun mánudagsins. Dax-vísitalan þýska hækkaði um 0,4 prósent og Dow Jones hlutabréfávísitalan hækkaði um 2,3 prósent. Engin merki eru hins vegar um að losna fari um lánsfjármarkaði, því



MÓTMÆLI Í NEW YORK Kannanir sýna að meirihluti kjósenda telur frumvarpið í núverandi mynd gera of lítið fyrir almenning.

NORDICPHOTOS/AFP

fjármálafestofnanir neita að lána hvor annarri. Millibankavextir á þriggja mánaða dollarálánunum fóru upp í 10 prósent í London í gær.

- msh

Alþingi verður sett í dag:

Fjárlagafrumvarpinu dreift

STJÓRNMÁL Frumvarpi til fjárlaga næsta árs verður útbýtt að aflokinni setningu Alþingis í dag. Fer fyrsta umræða um það fram á föstudag. Samkvæmt starfsáætlun þingsins er ráðgert að önnur umræða um fjárlagafrumvarpið fari fram undir lok nóvember og sú þriðja 9. desember.

Þingsetning verður með hefðbundnum hætti í dag; guðsþjónusta verður í Dómkirkjunni og forseti Íslands ávarpar þingið. Forsætisráðherra flytur svo stefnuræðu sína annað kvöld og í kjölfarið fylgja umræður um hana.

- bps



ÍSMAÐURINN ÖTZI Lá í is í 5.300 ár í Ötztal á mörkum Austurríkis og Ítalíu.

Fundu ísmanninn Ötzi:

Fá greitt eftir 17 ára baráttu

ÍTALÍA Tveir þýskir ferðamenn sem fundu lík manns sem hafði legið frosið hátt uppi í Ölpunum í um 5.300 ár hafa loksins fengið greidd fundarlaun, að því er fram kemur á fréttavef BBC. Líkið gengur undir nafninu Ísmaðurinn Ötzi, og fannst árið 1991.

Eftir löng málaferli hafa stjórnvöld í ítalska héraðinu Suður-Tíról – þangað sem fjöldi ferðamanna hefur lagt leið sína til að berja Ötzi augum – samþykkt að greiða mönnunum 150 þúsund evrur, um 22,5 milljónir króna. Fundarlaunin komu þó full seint fyrir annan þeirra, sem lést fyrir fjórum árum. Ekkja hans mun taka við peningunum.

- bj

Aðkoma ríkisins að Glitni:

Á ábyrgð allrar stjórnarinnar

VIÐSKIPTI Aðkoma ríkisins að Glitni er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar allrar og ekkert er óeðlilegt við að

málið skyldi unnið í Seðlabankanum. Þangað leitaði jú Glitnir.

Þannig svarar Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, stjórnarformanni Baugs, sem í Fréttablaðinu í

gær kvaðst undrast hversu lítið ráðherrar Samfylkingarinnar hefðu komið að málinu.

Björgvin bendir á að þær óvenjulegu aðstæður séu uppi að formaður Samfylkingarinnar sé í útlöndum. Hann og Össur Skarphéðinsson hafi komið að málinu fyrir hönd Samfylkingarinnar. Sat Össur fundinn í Seðlabankanum ásamt aðstoðarmanni Björgvins.

„Menn tengja þetta meira við samstarfsflokk okkar af því að formaður bankastjórnar Seðlabankans er úr þeim flokki.“

- bps

SKIPULAGSMÁL

Torfusamtök skora á borgina

Torfusamtökin skora á skipulagsyrifvöld að hafna tillögu að nýbyggingu Listaháskólans við Laugaveg eins og hún hefur verið kynnt. Telja samtökin bygginguna gefa „óheppilegt fordæmi“. Unnt sé að laga skólahúsið betur að sögulegu umhverfi miðbæjarins.



LÍTTU Í EIGIN BARM

Í hverri viku greinast þrjár til fjórar konur á Íslandi með brjóstakrabbamein og er óhætt að segja að þetta mein snerti hverja einustu fjölskyldu í landinu. Nú stendur yfir lokaáfangi söfnunarátaks Krabbameinsfélags Íslands til að fjármagna kaup á stafrænum röntgentækjum og öðrum búnaði sem getur greint brjóstakrabbamein á frumstigi betur en eldri búnaður.

Einn liður í áttakinu er sala á Bleiku slaufunni sem að þessu sinni er sérlega glæsileg og hönnuð af Hendrikku Waage, skartgripahönnuði. Til að ná takmarki okkar þurfum við að selja 40.000 slaufur. Sýndu stuðning þinn í verki og settu slaufu í barminn.



08-1848 / HVITA HÚÐI / SÍA



SÖLUADILAR

Eymundsson



margt smátt
NTC



KAUPPING

Aðalstyrktaraðili Krabbameinsfélagsins

STYRKARADILAR

GENGIÐ 30.09.2008			
GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	101,2	101,68
	Sterlingspund	182,43	183,31
	Evra	145,08	145,9
	Dönsk króna	19,442	19,556
	Norsk króna	17,459	17,561
	Sænsk króna	14,824	14,91
	Japanskt jen	0,9623	0,9679
SDR		157,56	158,5
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR			
190,4998			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Talsmaður neytenda:
Sparifjáreigend-
ur ganga fyrir

EFNAHAGSMÁL Sparifjáreigendur njóta lögbundinna trygginga sem nemur rúmlega þremur milljón-um íslenskra króna hjá hverjum



GÍSLI TRYGGVASON kemur fram á vefsíðu Talsmanns neytenda. Miðað er við 20 þúsund evrur samkvæmt Evrópureglum. Það nemur þremur milljónum króna.

Talsmaður neytenda segir að atburðir síðustu sólarhringa hafi staðfest óbeina viðbótartryggingu ríkisins á innlánun. Atburðarás síðustu daga sýni að fjármála- stöðugleiki og hagsmunir sparifjáreigenda hafi verið látnir ganga fyrir hagsmunum hluthafa eins og raunin hafi verið víðast hvar í lausafjárkreppu heimsins undanfarið.

- ghs

Sparisjóði lokað á Borðeyri:
Ósátt en unir
lokun útibúsins

VIÐSKIPTI Síðasti opnunardagur útibús Sparisjóðs Keflavíkur á Borðeyri var í gær. Sparisjóðurinn á Borðeyri hafði starfað frá 1910. Þá sameinaðist hann Sparisjóði Vestur-Húnnvetninga árið 1998 og síðan Sparisjóði Keflavíkur í fyrra eins og rakið er grein Ingibjargar Rósu Auðunsdóttur á fréttavefn-um strandir.is. Ingibjörg, sem er í hreppsnefnd Bæjarhrepps, segist ósátt við lokunina.

„Ég kem þó til með að una henni, einvörðungu í ljósi þess að ég tel mig hafa lagt mitt af mörkum við að reyna að fá ákvörðuninni breytt,“ skrifar Ingibjörg.

- gar

Forstjóri Baugs segir að staða Glitnis og Stoða hafi engin áhrif á fyrirtækið:

Baugur skiptir enn við Glitni

VIÐSKIPTI „Við höfum skuldað hjá Glitni. Þeir hafa fjármagnað sum fyrirtækin okkar og fjárfest í einhverjum tilvikum. Við höfum átt gott samband við Glitni hingað til að ég geri ekki ráð fyrir öðru en að það haldi áfram,“ segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs.

Hann segir að yfirtaka ríkisins á Glitni og greiðslustöðvun Stoða, áður FL Group, hafi engin bein áhrif á Baug. „Baugur á engin hlutabréf í Glitni og ekki í Stoðum heldur.“

Gunnar bendir á að Baugur sé í eigu Gaums, félags Baugsfjölskyldunnar, en ekki Stoða. Baugur átti að fara inn í Stoðir en ekki varð af því.

Baugsfjölskyldan hefur mikilla hagsmuna að gæta, bæði gagnvart Glitni og ekki síður Stoðum. Gunnar segist ekki geta svarað fyrir hana. „Baugur á hins vegar stórt eignasafn og hluthafar okkar hafa haft mikið um það að segja. Það hefur þó ekki falið í



GUNNAR SIGURÐSSON Forstjóri Baugs segir félagið hafa átt gott samband við Glitni og hann eigi ekki von á öðru en að það haldi áfram.

- ikh

sér beinan fjárhagslegan stuðning.“ Gunnar segir félagið hafa haft vindinn í fangið undanfarið ár, eins og áður. Þrátt fyrir það gangi rekstur félaga í eigu Baugs vel. „Það hefur mikið verið sagt um Baug sem ekki hefur reynst rétt.“

Glitnir á gjafverði og önnur lausn líklegri

Pétur Blöndal segir líklegt að eigendum Glitnis bjóðist hagstæðari leið til bjargar lausafjárvanda bankans en lausn stjórnvalda felur í sér. Ríkið sé að fá Glitni á gjafverði. Hann furðar sig á að ríkið leiti til sömu lánveitenda og bankarnir.

VIÐSKIPTI Pétur Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis, telur að aðrar lausnir kunni að finnast en að ríkið kaupi 75 prósentu hlut í Glitni. Ýmislegt geti gerst áður en hlutahafafundur félagsins verður haldinn í næstu viku.

„Ég hugsa að menn leiti logandi ljósi að annarri lausn þessa viku sem þeir hafa fram að hluthafafundi. Ef eignirnar eru metnar rétt þá er Glitnir í mjög góðri stöðu. Það eina sem hann vantar er erlendum gjaldeyrir að láni og ég hugsa að einhvers staðar úti í heimi finnist menn sem gjarnan vildu kaupa svona banka á þessu verði og jafnvel meira,“ segir Pétur og spáir því raunar að annað módel verði ofan á en það sem nú blasir við.

Hann bendir á að í þrengingum bandaríska bankans Bear Stearns hafi hluthöfum upphaflega boðist að selja á tvo dali á hlut en að endingu hafi þeir fengið tíu dali á hlut.

Verðmæti Glitnis, samkvæmt lausn stjórnvalda, er um 30 milljarðar króna. Sú niðurstaða fæst við kaup ríkisins á 75 prósentu hlutum fyrir 84 milljarða króna. „Það held ég að sé afskaplega mikið gjafverð,“ segir Pétur. Ekki síst í ljósi þess að eigið féð sé 200 milljarðar og afkoman hafi verið góð undanfarið. Hann bendir á að margir stórir hluthafar í Glitni séu ósáttir við þessa lausn og óvíst sé að þeir samþykki hana. Að sama skapi sýnist ríkisvaldið og banka- stjórn Seðlabankans heldur óánægð. Þá telur hann ósanngjarnt



Á FUNDI Í SEÐLABANKA Í FYRRADAG Lárus Welding, forstjóri Glitnis, og Davíð Oddsson seðlabankastjóri kynna aðkomu ríkisins að Glitni.



Ég hugsa að menn leiti logandi ljósi að annarri lausn þessa viku sem þeir hafa fram að hluthafafundi.

PÉTUR BLÖNDAL ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS

gagnvart hluthöfum að þeim skuli ekki bjóðast frekari tilslakanir. „Ég hugsa að með allri sanngirni væri hægt að bjóða þeim að kaupa bréfin til baka síðar meir.“

Pétur er almennt á móti ríkisvæðingu og þjóðnýtingu en kveðst sjá nauðsynina sem blasað hafi við í þessu máli. Heppilegra sé að veita hlutafé inn í Glitni fremur en lánsfé. „Því ef illa fer tapast lánið eins og hlutafé en ef vel gengur fær hlutaféð hagnaðinn en lánsféð ekki.“

bjorn@frettabladid.is

Lögreglustjóri á Suðurnesjum:

Settir í embætti í þrjá mánuði

LÖGGÆSLUMÁL Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður Snæfellinga, hefur verið settur lögreglustjóri á Suðurnesjum. Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá ríkislög- reglustjóra, verður aðstoðarlög- reglustjóri og Halldór Halldórsson, fjármálastjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, tekur að sér fjármálastjórn. Skipanin gildir til áramóta.

„Við munum nota fyrstu dagana til fara um embættið og kynnst starfsfólkinu og hitta sveitar- stjórnarmenn,“ segir Ólafur. Daði Jóhannsson, staðgengill Ólafs, gegnir stöðu sýslumanns þangað til.

- kóp



TRÓÐUST UNDIR Maður sem slasaðist þegar hann tróðust undir er borinn á spítala. NORDICPHOTOS/AFP

Á annað hundrað taldir látnir:

Tróðust undir við musteri

INDLAND, AP Í það minnsta 168 manns týndu lífi er þeir tróðust undir þegar þúsundir pílagríma flúðu frá musteri hindúa í borginni Jodhpur, í norðvestur- hluta Indlands í gær. Talið er að orörómur um sprengju hafi valdið því að skyndiðtti greip um sig hjá pílagrímunum.

Yfirvöld á svæðinu segja að yfir tólf þúsund hindúar hafi safnast saman við musterið vegna trúarhátíðar. Margir hafi brotið kókoshnetur, guðunum til heiðurs. Fólk hafi runnið á sleipu gólfinu og troðist undir.

Nokkrar sprengjur hafa sprungið á Indlandi nýverið, síðast á mánudag.

- bj

LÖGREGLUMÁL

Harma óvissu í Vogum

Bæjarráð Voga á Vatnsleysuströnd segist harma óvissu sem hafi skapast í löggæslumálum á Suðurnesjum og mótmælir harðlega að ekki hafi verið staðið við fyrirheit um aukna löggæslu í bæjarfélaginu. Bæjarráðið ítrekar óskir um forvarnalögregluþjón með aðstöðu í Vogum.

ALPINGI

Rósa í stað Ragnheiðar

Rósa Guðbjartsdóttir, Sjálfstæðis- flokki, hefur tekið sæti á Alþingi í stað Ragnheiðar Elínar Árnadóttur sem er í fæðingarorlofi.

Imodium®

Við bráðum niðurgangi

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Imodium® (loperamid) 2 mg töflur. Imodium er fáanlegt án lyfseðils og er notað við bráðum niðurgangi (skammtíma meðferð). Langvarandi ávarlegur niðurgangur, þ.m.t. niðurgangur vegna af hradrar tæmingar. Skammtar og lyfjagjöf: Bráður niðurgangur: Byrja skal meðferðina með 2 töflum, en skömmtun er síðan 1 tafla eftir hverja hægðalsun með niðurgangi, þó ekki þeir en á 2-3 klst. fresti. Söfnunarskammtur á ekki að fara yfir 8 töflur. Langvarandi niðurgangur: Skömmtun er í upphafi 2 töflur. Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 1-8 töflur á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Varnáðarorð: Við langvarna böðugusjúkdöma í þörmum getur lyfið dulað einkenni um skyndilega versnun. Lyfið hefur einungis áhrif á sjúkdómseinkenni. Ef sjúkdur hefur hafa hita eða blóð í hægðum og ef meðferð á að versna langvarandi, þarf að finna og meðhöndla undirliggjandi orsök eins og kostur er. Imodium meðferð skal stöðva við merki um hægðastrengi eða önnur merki um ofulhægðandi þarmahreyfingar. Sjáist bati ekki innan tveggja sólarhringa við bráðum niðurgangi, á að hætta gjöf Imodium og huga aðra meðferð. Hjá alhæmissjúklingum á meðferð með Imodium á að stöðva meðferð við fyrstu merki um þarminn kvíð. Tilmynt hefur verið um einstaka tilvik etrunarsjúklingum með ristilbólgu. Imodium á að nota með varúð hjá sjúklöngum með skerta lífrastarfsemi. Leiðir til laknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. Leiðir fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafi markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB, Umboö á Íslandi. Vistor hf., Hörgátun 2, 210 Garðabær.

VEÐURSPÁ

Á MORGUN
5-10 m/s, hvassast austan til

FÖSTUDAGUR
5-10 m/s

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	13°
Billund	12°
Ósló	7°
Stokkhólmur	11°
Gautaborg	14°
London	15°
Paris	15°
Frankfurt	14°
Friedrichshafen	14°
Berlín	13°
Alicante	25°
Mallorca	24°
Basel	16°
Eindhoven	15°
Las Palmas	26°
New York	22°
Orlando	31°
San Francisco	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



LAGADEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

in
svarar kröfum tímans

Til hamingju með hundrað árin!

Lögfræðingar, laganemar við
deildina og aðrir velunnarar:
Afmælistóttaka verður í dag
á Háskólatorgi frá kl. 17-19.
Þiggið léttar veitingar og njótið
tónlistar í skemmtilegum félagsskap.

Lagadeild

www.lagadeild.hi.is



Lagadeild Háskóla Íslands er stærsta lagadeild landsins með 750
nemendur og tugi öflugra fræðimanna við kennslu og rannsóknir.

Lagadeild, Lagastofnun og bókaútgáfan Codex fagna útgáfu
Lögfræðiorðabókar, þá fyrstu sinnar tegundar hér á landi.

Hún er táknræn fyrir þátt lagadeildar Háskóla Íslands í mótun
tungumáls íslenskra laga og mikilsvert framlag til íslenskrar lögfræði.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Verið velkomin 1. október

KJÖRKASSINN



Telur þú að sigur FH í Landsbankadeildinni hafi verið verðskuldaður?

Já	57,5%
Nei	42,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Átt þú eða einhver sem þú þekkir hlutabréf í Glitni?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Dómari segir útgáfu ákæru í sparisjóðsmáli vera í verkahring ríkislögreglustjóra:

Hafna frávísun í fjársvikamáli

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur hafnað kröfu Karls Georgs Sigurbjörnssonar lögmanns um að ákæru ríkislögreglustjóra á hendur honum verði vísað frá dómi.

Karl er ákærður fyrir fjársvik með því að hafa notfært sér rangar hugmyndir Sigurðar Þórðarsonar, þáverandi ríkisendurskoðanda, um verðmæti stofnfjárluta í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Sigurður seldi hlutina fyrir 50 milljónir en þeir voru síðan seldir áfram fyrir 90 milljónir. Sigurður og fjórir aðrir stofnfjäreigendur krefjast þess að Karl greiði þeim 200 milljóna króna bætur. Karl

segist saklaus enda hafi hann ekki átt aðild að viðskiptunum heldur aðeins verið lögmaður kaupandans.

Lögmaður Karls, Ragnar H. Hall, sagði í kröfu um frávísun málsins að ríkislögreglustjóri hefði ekki mátt gefa út ákærana því hann hefði áframsent málið til embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Að auki væri saksóknarinn í málinu, Helgi Magnús Gunnarsson, vanhæfur sökum skyldleika við Sigurð G. Guðjónsson lögmann sem um tíma hafði stöðu sakbornings í málinu. Sigurður og Helgi eru þremmenningar.



KARL GEORG SIGURBJÖRNSSON

Í úrskurði héraðsdóms segir að málið gegn Sigurði hafi verið fellt niður hjá lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins áður en kom til kasta Helga frænda hans hjá ríkislögreglustjóra. Þá hafi ríkislögreglustjóri ekki tekið ákvörðun um útgáfu ákæru í málinu heldur hafi embættinu verið falið það verk af ríkissaksóknara.

- gar

Norsk kýr á villigötum:

Klöngraðist upp á fjárhúspakið

NOREGUR Norskur bóndi rak upp stór augu nýlega þegar hann sá kú uppi á þaki á fjárhúsunum sínum. „Ég varð að nudda á mér augun mörgum sinnum til að vera viss um að ég sæi rétt,“ segir bóndinn Kai Petter Flesjá og telur að kýrin hafi villst upp á þakið í leit að nýfæddum kálfi sínum.

Bóndinn telur að kýrin hafi brotið niður girðingu og tekist að klöngrast upp á þakið af brekku við húsið, að sögn NRK. Hann lagði mikið á sig til að koma kúnni heilu og höldnu niður á jörðina aftur. Þakið skemmdist en tryggingafélagið trúði ekki sögunni fyrr en það sá myndirnar af atburðinum.

- ghs

Tölvu- og skrifborð á góðu verði



kr. 53.900
kr. 45.900



kr. 25.900



kr. 21.900
kr. 16.900



kr. 16.900



kr. 32.900
kr. 22.900

Hirzlan

Smíðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is



VERSLUN Stór hluti af neysluvörum Íslendinga er innfluttur og því ljóst að gengishrun krónunnar og hækkandi verðlag hafa veruleg áhrif á afkomu heimila í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANOTN

Botninum ekki náð

Framkvæmdastjóri ASÍ óttast að frekara gengisfall krónunnar ýti undir verðhækkanir. Framkvæmdastjóri Bónuss segir mikinn þrýsting vera á hækkanir á verði á vörum. Rýrnun kaupmáttar og hækkun vöruverðs sé ekki góð blanda.

EFNAHAGSMÁL „Veiking krónunnar er meginorsök verðbólgu undanfarinna mánaða og greinilegt að við sjáum ekki fyrir endann á þessu,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands.

Gylfi óttast að gengi krónunnar haldi áfram að falla þó að hrun hennar hafi nú þegar slegið öll met. „Við höfum talsverðar áhyggjur af þessu og það er ljóst að það stefnir bara í öfni.“ Kaupmáttur sé á hraðri niðurleið og fátt virðist til varnar.

Hann óttast að veiking krónunnar ýti undir frekari verðhækkanir. „Maður fær ekki séð að fyrirtækin sýni neinn vilja til að sitja á þessu og þau hafa kannski ekki stöðu til þess,“ segir Gylfi.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir



GYLFI ARNBJÖRNSSON

lífir í voninni, þetta ástand sé ekki komið til að vera,“ segir Guðmundur.

Árni Ingvarsson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Íslensks Ameríska, segir gengi krónunnar vera stóran þátt í verði á vörum. „Frá því í vor höfum við haft þann háttinn á að um hádegisbil á föstudögum tókum við gengi helstu gjaldmiðla sem við

mikinn þrýsting vera á hækkun vöruverðs. Rýrnun kaupmáttar og hækkun vöruverðs sé hins vegar ekki góð blanda. „Það sjá það allir sem fylgjast með fréttum að þetta er grafalvarlegt ástand. En maður

verslum í, metum stöðuna og tilkynnum verðbreytingar sem öðlast gildi mánuðaginn þar á eftir. Það má því segja að við séum að vinna með vikulega verðskrá,“ segir Árni.

Hann segir þetta fyrirkomulag vera viðbrögð þeirra við gengisveiflum undanfarinna vikna. Breytingarnar eigi bæði við um hækkanir og lækkunir á verði vara og miðað sé við ákveðin viðmörk.

Árni segir að undir eðlilegum kringumstæðum, þegar gengið sé stöðugt, tilkynni fyrirtækið um verðbreytingar með tveggja til þriggja vikna fyrirvara. „Við munum breyta þessu til fyrra horfs um leið og stöðugleiki kemst á gengið því þetta fljótandi verð er hvorki okkur né viðskiptavinum okkar í hag.“

olav@frettabladid.is

Eldri borgarar 60+

» Byrjendur

30 kennslustunda byrjendánámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 6. október og lýkur 27. október. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13 -16. Verð kr. 20.500,- Kennslufni innifalið. Fá sæti laus. Næsta námskeið hefst 5. nóvember.

» Framhald I

30 kennslustunda námskeið. Hentar þeim sem hafa lokið byrjendánámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu og internetinu. Framhaldsæfingar í meðferð tölvupósts og stafrænna mynda í tölvu.

Kennsla hefst 7. október og lýkur 25. október. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13 -16. Verð kr. 20.500,- Kennslufni innifalið. Næsta námskeið hefst 6. nóvember.



Skeifunni 11B • 108 Reykjavík
www.isoft.is • Sími 511-3080

Óánægja með endurgreiðslu til íþróttaiðkana:

Hafnarfjörður styrkir ekki krakka sem stunda íþróttir utan bæjarins

Kristín er ósátt við að Hafnarfjarðarbær skuli ekki niðurgreiða íþróttaiðkun barna utan bæjarfélagsins. „Hafnarfjörður talar um að íþróttaiðkun sé forvarnastarf en aðeins ef þú stundar íþróttir innan bæjarfélagsins,“ skrifar hún. „Er Hafnarfjarðarbær þá að styrkja unga íþróttamenn eða íþróttafélög í Hafnarfirði? Bæjarfélögin í kring um Hafnarfjörð eru ekki með þessa reglu, það er nóg að sýna kvittun fyrir greiddum íþróttagiöldum og þá færð þú endurgreitt. Ég sá í blaðinu í dag auglýsingu frá Actavis þar sem rannsóknir sýna að ein besta forvörn gegn fíkniefnum er þátttaka í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Ætli bæjarstjórn Hafnarfjarðar viti þetta? Eða skiptir barnið kannski ekki neinu máli heldur íþróttafélögin í bænum?“



Ingvar Jónsson, íþróttafulltrúi í Hafnarfirði, svarar: „Þessar niðurgreiðslur eru bæði hugsaðar sem stuðningur við bæjarbúa og einnig við íþróttafélögin í bæjarfélag-

DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is



STRÁKAR Í FH Væntanlega niðurgreiddir af Hafnarfjarðarbæ.

inu. Aðeins er gerður samningur við félög utan Hafnarfjarðar bjóði þau upp á greinar sem ekki eru í boði í Hafnarfirði. Sem dæmi erum við með samning við júðódeild ÍR af því að ekkert félag í Hafnarfirði býður upp á júðókennslu.“

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarrád á neytendur@frettabladid.is

Komdu með allt í Gull

Vodafone Gull – það besta sem við bjóðum

- Þú færð Ofurheimasímann. **Allt innifalið**, símtöl í alla aðra síma, óháð kerfi – líka í GSM og til útlanda fyrir 3.490 kr. *
- Þú færð **lægsta mínútuverð** í GSM, óháð kerfi
- Þú færð **mesta hraðann** á Netinu
- Þú færð okkar **bestu kjör** og sparnað sem er gulls ígildi

Vertu með allt á einum stað og skráðu þig strax í nýja vildarþjónustu í **1414** eða á **vodafone.is**.

Lifðu núna



* U.þ.b. 30 helstu viðskiptalönd Íslands. Símtöl í 118 og 900 númer eru gjaldfærð.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða heilsufrömuður hefur tekið saman höndum við fjallagarpinn Ásgeir Jónsson, sem kallaður er Iron Man?

2. Hver kallaði þjóðnýtingu Glitnis „stærsta bankarín Íslandsögunnar“?

3. Hvað er lagadeild Háskóla Íslands gömul?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

8FRÉTTABLAÐIÐ1. október 2008MIÐVIKUDAGUR

Apótekarar sjá ekki að yfirlýsing heilbrigðisráðherra um lækkun lyfjaverðs standist:

Afsláttur færist frá almenningi til ríkis



ANDRÉS MAGNÚSSON

verð til almennings lækki. Hið opinbera muni njóta afsláttarins sem almenningur áður naut hjá apótekum. Heildsöluverð lyfja muni eitthvað lækka en áhrifin verði fyrst og fremst þau að útgjöld Tryggingastofnunar til lyfjamála munu lækka.

Ríkissjóður sparar sem sé en almenningur muni ekki njóta lækkunarinnar nema að litlu

leyti. „Það er mikilvægt að æðstu ráðamenn þjóðarinnar skapi ekki óraunhæfar væntingar hjá almenningi með yfirlýsingum sínum.

Samtök verslunar og þjónustu telja sér skylt að benda almenningi á staðreyndir málsins og því er þessi grein birt.

Það sem liggur fyrir er að afar ólíklegt er að verð á lyfjum til almennings muni lækka um 20 prósent í dag, 1. október. Ríkissjóður mun að stærstum hluta njóta þeirra breytinga sem þá eiga sér stað. Þetta verða allir að gera sér ljóst,“ skrifar Andrés jafnframt.

- bps

Aðgengi ESB-sveita lítið:

Haldið fjarri deilusvæðum

GEORGÍA, AP Eftirlitssveit Evrópusambandsins, sem á að hefja störf í Georgíu í dag, mun ekki fá aðgengi að sjálfstjórnarhéruðunum Suður-Ossetíu og Abkasíu.

Í gær tilkynnti talsmaður Rússnesku friðargæslusveitanna í Suður-Ossetíu enn fremur að sveitirnar fái ekki að fara inn fyrir sex kílómetra öryggissvæði í kringum héraðið.

Bæði Rússland og Georgía samþykktu að 300 manna eftirlitssveitin kæmi til Georgíu. Koma sveitarinnar var hluti af vopnahléssamkomulagi í kjölfar átaka í landinu nýverið.

- bj

Borgarferðir

Leikhúsferð til London

23.-26. október

5.000 kr.

afsláttur fyrir kortagesti Borgarleikhússins

Fararstjóri:

Magnús Geir Þórðarson

Verð á mann í tvíbýli:

76.400 kr.

Innifalið:

Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgunverði, þrírætt-áður kvöldverður, miði á Disappearing Number og íslensk fararstjórn.

Haustferð til Berlínar

31. okt.-3. nóv.

Fararstjóri:

Lilja Hilmarsdóttir

Verð á mann í tvíbýli:

74.900 kr.

Innifalið:

Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgunverði og íslensk fararstjórn.

Heimsborgirnar bíða eftir þér!

Afþreyingarmöguleikarnir í London, Kaupmannahöfn og Berlín eru endalausir og Express ferðir bjóða frábærar pakkaferðir til heimsborganna þriggja. Kynntu þér úrvalið á www.expressferdir.is

Þaðalínubók

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



Vetrarfrí kennara:

Ferð til Kaupmannahafnar

23.-26. október

Verð á mann í tvíbýli:

59.900 kr.

Innifalið:

Flug með sköttum og öðrum greiðslum og gisting í 3 nætur á Hotel Scandic Webers með morgunverði.

Eldsvoði í Vestra-Fíflholti í Vestur-Landeyjum:

Um hundrað og fjöurtíu kýr brunnu inni

BRUNN

Um 140 nautgripir brunnu inni í gærmorgun þegar útihúsin í Vestra-Fíflholti í Vestur-Landeyjum urðu eldi að bráð. Um tvö hundruð gripir voru inni og tókst að bjarga um sextíu en nokkrum varð að lóga á staðnum. Þær skepnur sem björguðust lifandi úr eldinum voru fluttar til næstu bæja en að sögn lögreglu var útlit fyrir að lóga yrði nokkrum enn.

„Það var vegfarandi sem gerði Neyðarlínunni viðvart um sjö leyt-ið og hún hringdi í mig,“ segir Ágúst Rúnarsson, bóndi í Vestra-Fíflholti. Hann segir að aðkoman hafi verið hræðileg. „Það var lítið sem ég gat gert nema hleypa því út

sem var lifandi.“ Hann segir að fjölmargir nágrannar hafi komið og sýnt honum stuðning. Ágúst hefur stundað búskap í 23 ár en hann segist ekki hafa ákveðið hvort hann hætti eftir þetta áfall.

Um hádegisbil í gær komu lögreglumenn frá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík sem rannsaka orsök brunans. Í nóvember í fyrra brunnu um 180 nautgripir inni í eldsvoða í Stærri-Árskógi, skammt frá Dalvík. Bóndinn þar, Guðmundur Geir Jónsson, var með 200 gripi fyrir brunann. Hann hefur nú reist nýtt útihús, er með sextíu mjólkandi kýr og hyggur á frekari uppbyggingu.

- jse



HRIKALEG AÐKOMA Ágúst Rúnarsson stendur hér fyrir framan brunarústirnar. Aðkoman var hrikaleg þegar hann kom að útihúsunum í ljósum logum.

MYND/EGILL BJARNASON SUNNLENSKA

Úrskurður í nágrannadeilu:

Byggingarleyfi bílskúrs í lagi



Saka Kópavogsbæ um valdniðslu

SKIPULAGSMÁL Eigandi einbýlishúss við Fífuhvamm í Kópavogi má reisa bílskúr á lóð sinni eins og byggingarnefnd heimilaði honum í ágúst. Þetta segir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála sem þar með hafnar kröfum nágranna í næsta húsi um að fella byggingarleyfið úr gildi. Úrskurðarnefndin hafði áður fellt leyfi fyrir bílskúrnum úr gildi vegna formgalla á afgreiðslu bæjaryfirvalda sem síðar bættu úr því. Nefndin segir bískúrinn ekki ganga gegn hagsmunum nágranna-ana með ólögætum hætti.

- gar

NOREGUR

Vill banna munntóbak Sveitarfélagið Levanger í Noregi hefur áhuga á því að banna munn- og nef-tóbak í vinnutíma og á vinnustöðum sveitarfélagsins. Reykingabann var sett á þar fyrir fjórum árum.

Hold verður orð, mjúk lauf breytast í banvæn vopn

NÝ LJÓÐABÓK EFTIR SIGURBJÖRGU ÞRASTARDÓTTUR MEÐ FRÁBÆRUM ÞÝÐINGUM BERNARDS SCUDDER

Ljósm.: NOKKI ELIASSON



Sigurbjörg Þrastardóttir – hæfileikaríkt og margverðlaunað skáld



Tvímála – á ensku og íslensku

JPU

JPU ÚTGAFA

www.forlagid.is

KJARNAFÆÐI

**ALVÖRU KRAFTUR
ALVÖRU BRAGÐ**



**KJARNAFÆÐI PEPPERONI,
ALVÖRU PEPPERONI...**

**...AF ÞVÍ AÐ ÞAÐ ER
KJARNAFÆÐI PEPPERONI!**



KRÖFUGANGA Í BERLÍN Þýskt heilbrigðisstarfsfólk í kröfugöngu fyrir meiri fjárveitingum til sjúkrahúsa landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Hvíta-Rússlandi:

Lúkasjenko krefst umbunar

HVÍTRÚSSLAND, AP Alexander Lúkasjenko, forseti Hvíta-Rússlands, lýsti í gær þingkosningunum sem fram fóru á sunnudag sem „stóru skrefi í lýðræðisátt“, þrátt fyrir að ekki einn einasti fulltrúi stjórnanarstöðunnar hefði unnið sæti á þingi samkvæmt opinberum úrslitum.

Eftirlitsmenn á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu hafa úrskurðað að framkvæmd kosninganna hafi ekki uppfyllt lýðræðisleg viðmið. Lúkasjenko lét eftirlitsmenn aftur á móti heyra það í gær að kosningarnar hefðu farið fram í samræmi við hvítrússnesk lög. Hann ætlist núna til þess að Evrópusambandið aflétti efnahagsþvingunum og takmörkunum á ferðaferlsi ráðamanna ríkisins til ESB-landa.

- aa

Jóhann R. Benediktsson kvaddur af kollegum og Tollvarðafélagi Íslands:

Tilfinningaþrungin kveðjustund

LÖGGÆSLUMÁL Lögreglumenn stóðu heiðursvörð þegar Jóhann R. Benediktsson var kvaddur af starfsfélögum sínum fyrir utan lögreglustöðina í Suðurnesjum í gær.

„Þetta var tilfinningaþrungið, það er varla hægt að lýsa því með orðum,“ segir Jóhann Eyvindsson rannsóknarlögreglumaður sem var við athöfnina. „Það er búið að verðlauna þennan mann í bak og fyrir fyrir vel unnin störf og svo er hann allt í einu farinn.“

Degi áður fékk Jóhann afhent gullmerki Tollvarðafélags Íslands á Kaffi Duus húsi í gær í Reykjanesbæ. „Ég neita því ekki að mér þykir óendanlega vænt um að mínir samherjar og félagar skuli sýna mér þennan heiður við brotthvarf mitt,“ sagði Jóhann í samtali við Fréttablaðið eftir að hafa tekið við gullmerkinu. Í ræðu sem Guðbjörn Guðbjörnsson, formaður félagsins, hélt við það tæki-



LÖGREGLUMENN STANDA HEIÐURSVÖRÐ Það var tilfinningaþrungin stund þegar Jóhann var kvaddur af samstarfsmönnum sínum í gær.

MYND/JÓHANN EYVINDSSON

færi sagði hann: „Við skiljum og virðum þá ákvörðun Jóhanns að hafa beðist lausnar frá embætti þótt við séum engan veginn sátt við þau málalok.“

Jóhann var lögreglustjóri á Suðurnesjum frá árinu 1999. Hann sagðist ekki vita hvað tæki við hjá sér.

- jse

Kaup ríkisins í Glitni hafa lítill áhrif á lífeyrissjóðina:

Segir lífeyrisgreiðslurnar ekki lækka

EFNAHAGSMÁL Kaup ríkisins á 75 prósent hlut í Glitni hafa engin áhrif á lífeyrisgreiðslur sjóðanna til lífeyrisþega, að sögn Hrafn Magnússonar, framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða.

Hrafn segir að lífeyrissjóðirnir hafi átt um 5,5 prósent í Glitni og sala til ríkisins hafi ákveðin fjárhagsleg áhrif en þau áhrif séu ekki bein á lífeyrisþegana. Lífeyrir fólks muni ekki lækka. „Lífeyrissjóðirnir eiga 5,5 prósent í Glitni og auðvitað hefur þetta ákveðin fjárhagsleg áhrif en lífeyrisloforð sjóðanna standa fyllilega þrátt fyrir þetta. Hins vegar kemur til skoðunar í byrjun næsta árs hvernig ávöxtun sjóðanna hefur verið á árinu almennt og hver þróunin

hefur verið á verðbréfamörkuðum,“ segir hann.

Hrafn játar því að það hefði haft tap í för með sér fyrir lífeyrissjóðina hefði Glitnir orðið gjaldþrota, en hann segist ekki átta sig á hversu mikið tapið hefði hugsanlega orðið.

„Verðbréfamarkaðirnir hafa verið erfiðir á þessu ári en ávöxtunin var sérlega góð síðustu fjögur árin. Sjóðirnir hafa verið með rannsóknir yfir níu prósent síðustu fimm ár þannig að í ár verður ávöxtun lífeyrissjóðanna neikvæð. Á móti kemur að þrátt fyrir lækkaun á erlendum eignum hefur krónan veikt þannig að eign lífeyrissjóðanna hefur vaxið í íslenskum krónum,“ segir hann.

- ghs



FRÁ LAUGAVEGI Tillagan gerir ráð fyrir torgi milli nýbyggingar við Laugaveg 19 og Laugavegs 21, Hljómalindarhússins, sem reiturinn er nefndur eftir.

MYND/ARKITEKTUR.IS

Hótel upp á sjö hæðir og upphitað torg

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu gerir ráð fyrir nýju hóteli á Hljómalindarreitnum, opnu upphituðu torgi með veitingastöðum og verslunum.

SKIPULAGSMÁL „Við erum búin að vinna þetta mjög náið með skipulagsyfirlöðum og gerum ekki ráð fyrir neinum stórvægilegum breytingum,“ segir Hanna G. Benediktsdóttir, fjármálastjóri Festar ehf., um tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir svokallaðan Hljómalindarreit sem lögð var fram á fundi skipulagsráðs á miðvikudaginn.

Breytingin gerir ráð fyrir aukinni uppbyggingu, breyttum götumyndum og opnu upphituðu torgi á miðju reitsins. Í greinargerð með tillögunni segir að lóðarhafi vilji leggja áherslu á aðgengi almennings að reitnum með því að halda honum opnum í miðju og aðkoma vegfarenda sé möguleg frá öllum hliðum reitsins.

Þá segir að byggingarnar taki mið af nálægum húsum og kennileitum í götumyndinni. „Á bak við Hljómalind kemur nýbygging við Klapparstíg,“ segir Hanna og vísar til húss sem til stendur að rífa og áður hýsti skemmtistaðinn Sirkus. Þá er ætlunin að gera upp húsin við Laugaveg 17 og 21, svokallað Hljómalindarhús.

Tillagan gerir ráð fyrir nýbyggingum við Laugaveg 19, Klapparstíg, Smiðjustíg og Hverfisgötu



TORG Samkvæmt tillögunni verður torg á miðjum reitnum þar sem gert er ráð fyrir kaffihúsum og verslunum.

MYND/ARKITEKTUR.IS

þar sem rísa mun sjö hæða hóteli. „Húsið við Klapparstíg 25 er sex hæðir en við förum aðeins hærra með léttari þakbyggingu á hluta af sjöundu hæð við Hverfisgötu,“ segir Hanna. Aðalinnangangur hótelsins verður á horni Hverfisgötu og Smiðjustígs en þar er einnig gert ráð fyrir morgunverðar- og veitingasal hótelsins.

Tillagan gerir ráð fyrir verslunum og þjónustu á jarðhæðum allra húsanna. Í byggingunum verði einnig skrifstofur og veitingastaðir auk áður nefnds hótels og þriggja hæða bílajakjallara með tvö hundruð bílastæðum. „Það sem við myndum vilja sjá er að færri bílastæði verði ofanjarðar svo það verði meira rými fyrir gangandi og hjólandi umferð,“ segir Hanna.

Hún segir þau hjá Festar gera ráð fyrir að framkvæmdir taki um þrjú ár. „Við erum ekki búin að fá erindið afgreitt en setjum stefnuna á að komast af stað með uppbygginguna á næsta ári og að þetta fari allt upp í einu lagi, verði ekki áfangaskipt,“ segir Hanna.

Hún segir þau hlakka til verkefnsins. „Þetta er mjög spennandi konsept sem er spennandi að sjá verða að veruleika.“

olav@frettabladid.is



HLJÓMALINDARREITUR Gert er ráð fyrir nýbyggingum í bland við uppperð eldri hús.

MYND/ARKITEKTUR.IS

LAGER-ÚTSALA
af ákveðnum vörum

50-80% afsl.

**TAKMARKAÐ
MAGN!**

**EKKI MISSA
AF ÞESSU!**

**SÍÐUSTU DAGAR
LAGERÚTSÖLUNNAR.
TIL OG MEÐ
4. OKTOBER.**

Íslensku
ALPARNIR
FERÐAVERSUN

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

POLO  RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

BELLINI
collezione

LLOYD

SARAR

PAL ZILERI

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur

Troðfull verslun **af merkjavöru!**

Jakka- fataveisla

BELLINI
collezione

allar stærðir margar gerðir
verð nú kr. **24.990**
verð áður kr. ~~49.980~~

50 til 70%

afsláttur af öllum vörum

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)



PÉTTSKIPUÐ PILFÖR Yfirfull ferja siglir eftir Buriganga-fljóti í útjaðri Dhaka, höfuðborgar Bangladesh. Múslimar halda upp á Eid-al Fitr-hátíðina í þessari viku, en hún markar lok Ramadan-mánaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eigendur beitarréttar í Kaldárbotnum vilja fá aðkomu að ákvörðun um nýtingu:

Ósáttir við vatnsleiðslur án samráðs

DÓMSMÁL Eigendur beitarréttar í Kaldárbotnum hafa kært Hafnarfjarðarbæ vegna ákvarðana bæjarins um nýtingu svæðisins.

Jörðinni Selskarði í Garðabæ tilheyrir frá fornu fari beitarréttur ofan Hafnarfjarðar, meðal annars í Kaldárbotnum þar sem vatnstökusvæði Hafnfirðinga er. Bæjaryfirvöld hafa samið við félagið GlacierWorld um sölu á vatni úr Kaldárbotnum og lagningu vatnsleiðslu þaðan niður að átöppunarverksmiðju félagsins við Hafnarfjarðarhöfn.

Eigendur Selskarðs telja framhjá sér gengið í vatnsöflunar- og pípulagnarmálinu líkt og raunin



KALDÁRBOTNAR Eigendur jarðar í Garðabæ eru ósáttir við að ekki sé leitað samþykkis þeirra vegna nýtingar svæðisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hafi verið þegar bærinn breytti deiliskipulagi þannig að Íshestar og Hestamannafélagið Sörli fengu aðstöðu á landinu. Kært var vegna þess máls til úrskurðarnefndar

skipulags- og byggingarmála í vor og er niðurstöðu enn beðið.

Meðal röksemda eigenda Selskarðs er úrskurður frá því í fyrra um breytingar sem gera átti í verslunarmiðstöð á Gleráreyri á Akureyri. Í því tilviki sagði úrskurðarnefndin að samþykki allra lóðareigenda þyrfti til að gefa mætti út byggingarleyfi á sameiginlegri lóð.

Telja eigendur Selskarðs mikla fjárhagslega og félagslega hagsmuni fólga í því fyrir sig að halda beitarrétti sínum óskertum enda sé mikil eftirspurn eftir beitarréttum og hestaaðstöðu á svæðinu.

- gar

Héraðsdómur flytji í nýtt hús:

Hentar ekki borgarlífinu

SKIPULAGSMÁL Hugmyndir um flutning á Héraðsdómi Reykjavíkur úr núverandi húsnæði dómsins við Lækjartorg hafa verið ræddar í dómsmálaráðuneytinu. Þetta staðfestir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra. Hann segir málið hins vegar enn á umræðustigi.

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi ritaði nýlega um málið á heimasíðu sína. Gísli segir að það sé sinn skilningur að núverandi staðsetning henti hvorki dómnum né borgarlífinu. Það hljóti því að vera hægt að finna dómnum betri stað og koma lifandi starfsemi í húsið.

- ovd



UPPELDI OG MENNTUN FYRIR LÍF OG STARF

Kynningar- og umræðufundur með foreldrum grunnskólanemenda í Miðborg og Hlíðum verður: fimmtudaginn 2. október kl. 20-22 í Háteigsskóla

- Formaður menntaráðs, Kjartan Magnússon, kynsir stefnu Reykjavíkurborgar í skólamállum
- Viðhorf foreldris til grunnskólanáms barna sinna, Eva María Jónsdóttir, foreldri
- Fræðslustjóri, Ragnar Þorsteinsson, fjallar um skólastarfið í hverfinu, skoðanir foreldra á því og kynsir skólaþjónustu hverfisins
- Umræður og fyrirspurnir
- Fundarstjóri Sigtryggur Jónsson
- Kaffi á könnunni



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



BEÐIÐ EFTIR STRÆTÓ Landsbyggðarmenn eru ósáttir við að nemar í háskólum og framhaldsskólum fái ekki frítt í vagna Strætó bs. a nema þeir eigi lögheimili á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Sveitarfélög neita að borga í strætisvagna

Sum sveitarfélög úti á landi segja íbúa sína sem stunda framhaldsnám eiga skilið að fá frítt í vagna Strætó. Þau neita að greiða afsláttarkort.

NÁMSMENN „Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hagnast gríðarlega á því að unga fólkið skuli stunda þar nám,“ segir bæjarráð Hveragerðis sem vill að námsmenn utan af landi fái frítt í vagna Strætós bs.

Stjórn Strætós býður sveitarfélögum, sem ekki eiga aðild að félaginu, að kaupa sérstök námsmannakort fyrir nemendur sem eiga lögheimili á landsbyggðinni en stunda framhaldsnám á höfuðborgarsvæðinu. Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur hvatt sveitarfélögin úti á landi til að greiða þessi kort.

Bæjarráð Hveragerðis neitar að borga fyrir nemendur þaðan og segir sveitarfélög höfuðborgarsvæðis mismuna nemendum sem sækja þar skóla með því að veita þeim ekki öllum gjaldfrjálsan aðgang að Strætó. Höfuðborgarsvæðið hagnist beint fjárhagslega af þeim sem komi þangað til náms.

„Það hlýtur að vera réttmæt ábending að minna á skyldur höfuðborgar gagnvart íbúum landsins sem kristallast í þessu máli,“ segir bæjarráðið sem vill að sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu breyti ákvörðun sinni og gefi öllum nemendum landsins,

óháð lögheimili, frítt í strætisvagna.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps kveðst undrast að eigendur Strætó hafi breytt um stefnu frá í fyrra þegar framhaldsskólanemar alls staðar að af landinu hafi fengið frítt í vagna Strætó.

„Námsmenn af landsbyggðinni eyða hverri krónu á höfuðborgarsvæðinu í húsaleigu og kaup á annarri þjónustu og því ekki nema sanngjarn að þeir njóti sömu kjara hjá höfuðborgarsvæðinu og þeirra eigin íbúar,“ segir sveitarstjórn Mýrdalshrepps.

Við sama tón kveður hjá bæjarráði Hornafjarðar sem kveðst furða sig á að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ætli að velta hluta af kostnaði af almennings-samgöngum á sínu svæði yfir á sveitarfélög á landsbyggðinni. Ríkisvaldið hafa ákveðið að hafa flestar helstu menntastofnanir í Reykjavík og nágrenni. Það sé viðkomandi sveitarfélögum drjúg tekjulind:

„Um leið og bæjarráð mótmælir þessari tilraun til skattlagningar á sveitarfélög á landsbyggðinni tilkynnist að Sveitarfélagið Hornafjörður mun ekki greiða fyrir þessi kort.“

gar@frettabladid.is

ODDI ÞRÍEFLDUR

Oddi, Gutenberg og Kassagerðin
standa nú sameinuð og þrisvar
sinnum öflugri undir einu merki.

Með samruna þriggja virtustu prent-
fyrirtækja landsins getum við veitt
þér betri, áreiðanlegri og fjölbreyttari
þjónustu en nokkru sinni fyrr.



Kjartan Grétarsson, garðsláttumeistari.



Helga R. Einarsdóttir, deildarstjóri útflutnings.

Kassar undir 300 tonn af frystum
þorskflökum til Norfolk.

Það gildir einu hvort hugmyndin er stór eða lítil.
Við hjá Odda hrindum henni í framkvæmd með þér.

Prentsmiðjan Oddi ehf., Höfðabakka 3-7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.odd.is



Framkvæmum
hugmyndir

Árveknisátak gegn brjóstakrabbameini hefst í dag.

Árangursríkt grasrótarstarf

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Krabbameinsfélagið helgar í ár, eins og undanfarin ár, októbermánuð árveknisátaki gegn brjóstakrabbameini. Um leið og vakinn er athygli á hópleit Krabbameinsfélagsins að brjóstakrabbameini og konur hvattar til að nýta sér hana er bleika slaufan seld til ágóða fyrir tækjakaupum Krabbameinsfélagsins.

Í ár verður ágóðanum af sölu bleiku slaufunnar varið til að ljúka greiðslu á nýjum stafrænum röntgentækjum. Nýju tækin munu bæta skilyrði Krabbameinsfélagsins til að leita að brjóstakrabbameini með mun nákvæmari greiningu en fékkst með eldri tækjum. Þetta ætti að skila sér beint í auknum batahorfum þeirra kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein vegna þess að líkur eru á að meinið greinist fyrr.

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbameinið meðal kvenna. Ein af hverjum tíu konum á Íslandi greinist með brjóstakrabbamein einhvern tíma á ævinni. Þetta er há tala en á móti kemur að árangurinn í baráttunni gegn brjóstakrabbameini hér á landi er einn sá besti í heimi. Tæp 90 prósent þeirra kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein eru enn á lífi fimm árum eftir greiningu.

Vitað er að því fyrr sem krabbamein í brjóstum greinist því meiri eru lífslíkurnar. Engin kona ætti því að sitja heima þegar hún fær boð um röntgenskoðun hjá Krabbameinsfélaginu en allar konur á aldrinum 40 til 69 ára eru boðaðar í slíka skoðun á tveggja ára fresti.

Krabbameinsfélagið hefur frá stofnun þess árið 1951 unnið stórmerkilegt starf. Galdurinn í starfi félagsins er trúlega að þar kemur saman fagfólk annars vegar og sjúklingar hins vegar. Samstarf þessara tveggja hópa, ásamt þeim þriðja sem eru aðstandendur sjúklinga og áhugafólk um baráttuna gegn krabbameini, hefur verið frjósamt og getið af sér miklar framfarir fyrir sjúklinga sem greinast með krabbamein.

Leitarstarfið er meðal þessara framfara. Í því sambandi er nóg að benda á að dánartíðni af völdum brjóstakrabbameins hefur ekki aukist undanfarna áratugi þrátt fyrir talsverða aukningu á nýgengi meinsins.

Það er raunar umhugsunarefni að svo virðist sem umhverfisþættir skipti meira máli en erfðir þegar brjóstakrabbamein er annars vegar. Þannig er brjóstakrabbamein mun algengara á Vesturlöndum en í Afríku og Asíu. Sömuleiðis hefur verið sýnt fram á fylgni milli brjóstakrabbameins og notkun hormónalyfja til að draga úr áhrifum tíðahvarfa og annarra þátta svo sem kyrrsetu, offitu og áfengisneyslu. Ljóst er því að konur geta að einhverju leyti sjálfar haft áhrif á líkurnar á því að þær veikist af brjóstakrabbameini.

Markmið árveknisáttaksins í ár er að selja 40.000 bleikar slaufur. Lesendur Fréttablaðsins geta fylgst með árangri söfnunarinnar á mæli sem birtur verður á forsiðu blaðsins dag hvern meðan átakið stendur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RIÐSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

Markaðurinn í lok dags



Fylgstu með Markaðinum í lok dags kl. 16:45 á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.12 og 18.18.

visir.is
...ég sá það á visir.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Að lágmarka skaðann

Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur borgarfulltrúa finnst ómaklegt að gagnrýna forstjóra Glitnis og forsætisráðherra fyrir að hafa sagt ósatt um stöðu bankans, krísfundi og bankaumhverfið. Á heimasíðu sinni segir Þorbjörg Lárus og Geir einmitt hafa gert það sem þeir áttu að gera í stöðunni, „að lágmarka skaðann í mjög erfiðri stöðu og hindra þannig mikinn óróa“. Með öðrum orðum er stundum nauðsynlegt að skrókva. Sjálf hefur Þorbjörg, ásamt félögum sínum í borgarstjórn, lent nokkrum sinnum í erfiðri stöðu á kjörtímabilinu. Best að hafa þessi orð í huga þegar það gerist næst.

... í bili

Þorbjörg Helga hugar hins vegar ekki að því að þegar menn reyna að „lágmarka skaðann“ með því að segja ósatt, bitnar það á trúverðugleika þeirra; orð þeirra verða marklaus. Til lengri tíma getur það valdið bæði skaða og óróa.

Dálítið sérstakt

Athyglisverð eru þau ummæli Geirs Haarde forsætisráðherra í þá veru að „ekkert sérstakt“ hefði verið til

umræðu á fundi hans og Björgólfs Thors Björgólfssonar. Getur það verið? Barst til dæmis þjóðnýting Glitnis ekki í tal? Eða mögulegur samruni Glitnis og Landsbankans?

Annaðhvort töluðu þeir Geir og Björgólfur um allt aðra og ómerkilegri hluti eða Geir telur atburði síðustu daga ekki sæta miklum tíðindum.

Hvort tveggja væri dálítið sérstakt.

bergsteinn@frettabladid.is

Stóra systir

Vofa gengur nú ljósum lögum um París og reyndar um allt Frakkland og gegnir nafninu „Edvige“. Kannske gæti maður ætlað að þetta sé lítil og nett Skotta, því Edvige er að vísu fallegt stúlkunafn, og er því eins vel hægt að ímynda sér hana á gangi um borgarstrætin klædda eftir haustfiskunni með eynalokka og dökkmáluð hvarmahár, dragandi að sér augnagotur tálðráttarmanna meðan laufblöðin falla fölnuð af trjánum. En sumir telja þó að augnaráðið sé ekki blíðlegt, í öðru munnvikinu móti fyrir kuldalegu glotti, og þeir tálðráttarmenn sem gefi henni gætur séu af nokkuð sérstöku tagi.

Þessu samþykka þeir sem hafa virt Edvige fyrir sér á þeim eina stað sem hún hefur hingað til opinberast jarðneskum augum í allri sinni dýrd, en það er á síðum lögbirtingablaðs. Þess vegna hitti blaðið „Libération“ vafalaust naglann á höfuðið, þegar það kallaði Edvige „stóru systur“, því rétt eins og „stóri bróðir“ þá hefur „stóra systir“ gætur á ÞÉR.

„Edvige“ er nefnilega ekki aðeins stúlkunafn heldur einnig skammstöfun, og þá jafnframt sakleysislegt dulnefni, fyrir gífurlega tölvu-spjaldskrá sem nú stendur til að setja á stofn með afskaplega fjölbreyttum upplýsingum um þá sem þar eru skráðir. Þessi spjaldskrá á að ná til allra þeirra sem gegna eða hafa gegnt eða boðið sig fram til pólitískrar stöðu, þeirra sem eru eða hafa verið framámenn í stjórnmálafélagi, stéttarfélagi, trúfélagi, baráttusamtökum alls konar, eða í efnahagslífi og þeirra sem „leika eitthvert hlutverk“ á slíkum sviðum, hvað sem það nú er, þeirra sem eru áberandi í menningarlífinu, svo og þeirra sem gætu á einhvern hátt „öгнаð röð og reglu“, án þess að það sé



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Rafrænt eftirlit

skilgreint nákvæmar. Þetta er þó ekki allt og sumt, heldur á spjaldskráin einnig að ná til allra þeirra sem þessir menn kunna að umgangast. Á henni getur því hver og einn lent, eina skilyrðið er að hafa náð aldurstakmarkinu, og það er sett við þrettán ára aldur. Þær upplýsingar sem á að skrásetja á spjaldskránni eru einnig fjölbreyttar, fyrir utan allt það sem stendur á manntalsskýrslum og blöðum skattstofunnar á að tíunda þar líkamleg séreinkenni manna, kannske stór nef eða löng eyru, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð, „heimspekiskoðanir“ (væntanlega ef menn eru umhverfisverndarsinnar, friðarsinnar og slíkt), en einnig sitthvað sem varðar heilsufar manna (sýking af eyðni hefur einkum verið nefnd), svo og smekkur manna í ástamálum. Þetta síðasta atriði er ekki alveg ljóst, en alla vega á að skrásetja það ef menn skyldu vera argir. Af sjálfu sér leiðir að þessar upplýsingar á ekki aðeins að skrá um þá menn sem lenda á spjaldskránni fyrir eigin atbeina, ef svo má segja, heldur einnig um þá sem lenda þar einungis af því að þeir eru í návígi við slíka menn. Það fylgir með að almenningur hefur engan aðgang að þessari spjaldskrá, enginn getur t.d. fengið að sjá það sem þar er skrásett um hann sjálfan og leiðrétt það sem þar kunni að vera rangt með farið.

Engum upplýsingum verður eytt, þannig að einhver óknytti sem maður hefur óvart framið þrettán ára og verið skrásett þá geta verið dregin fram áratugum síðar, þegar hann er orðinn sómamaður og sækir um háar stöður.

Fljótlega eftir að fæðingurvottorð Edvige var birt í byrjun júlí (það er gömul hefð í Frakklandi að gera kunnugt um slík mál yfir hásumarið, þegar menn eru í sumarleyfi), hófust mótmæli, og þótt þau hafi farið hægt í byrjun rísa þau stöðugt hærra. Frakkar telja sig nefnilega hafa ærnar ástæður til að vara sig á spjaldskrá af þessu tagi. Fyrir utan allt annað er gömul reynsla fyrir því að upplýsingar úr þeim leki gjarna til þeirra sem ættu ekki að fá þær, atvinnurekenda og tryggingarféлага svo eitthvað sé nefnt. Reyndar heyrðist ekki mikið í stjórnarandstöðunni, því ábyrgir vinstri menn eru nú jafnan hræddir við að fá á sig það orð að þeir séu linir í baráttunni gegn glæpum og hryðjuverkum – en sú baráttu er að sjálfsögðu réttlætningin fyrir Edvige. En ein sjö hundruð félagsamtök mótmæltu og það fóru af stað undirskriftalistar, sem um hundrað og þrjátíu þúsund manns höfðu skrifað undir nú fyrir skömmu – þótt skopteiknarnar blaða teldu lítinn vafa á að þeir sem letrúðu nöfn sín á slíkum stað færu beint á spjaldskrána með athugasemd sem boðaði ekkert gott: „Er á móti Edvige.“

En hætt er við að róðurinn verði þungur því mótmælin eru jafnan veik en tölvurnar reiðubúnar og ekki annars að vænta en þær verði teknar í gagnið, hvað sem hver tautar og raular. Og svo á Edvige nú þegar enn stærri systur, hún heitir „Cristina“ og er spjaldskrá varðandi „hryðjuverkastarfsemi“. En um hana er ekki talað, hún er hernaðarleyndarmál.

Þjóðríkjum til eflingar

UMRÆÐAN

Jón Sigurðsson skrifar um Evrópumál

Ígögnum Evrópusambandsins er margt sem getur vakið athygli Íslendinga. Í 2. bókun með aðildarsamningi Finna að ESB eru ákvæði um sérréttindi heimamanna á Álandseyjum, svonefndan „hembygðsrátt“. Samkvæmt bókuninni geta menn ekki eignast fasteignir, lóðir eða lendum á Álandseyjum nema hafa þar lögheimili og fasta búsetu.

Fleiri atriði fylgja sem snerta atvinnurekstur. Þessi ákvæði eru ekki tímabundin og aðildarsamningar ríkja hafa fullt gildi á við aðalsáttmála ESB. Svipaðar reglur gilda á Möltu. Ákvæði í viðbæti III.8 og í 6. bókun með aðildarsamningi Maltverja kveða á um rektur þjónustufyrirtækja og fleira. Þarna eru sérréttindi heimamanna staðfest og tryggt að fjarstýring frá útlöndum á kostnað heimamanna eigi sér ekki stað. Í aðildarskilmálum Dana eru ákvæði um eignarhald á tómsundahúsum í Danmörku. Þar er komið í veg fyrir að útlendingar leggi undir sig lóðir og lendum Dana.

Fjarstýring og fjareign sú sem þessi ákvæði fjalla um heitir „selstaða“ á íslensku. Fyrir meira en öld



JÓN SIGURÐSSON

háðu Íslendingar baráttu gegn selstöðuverslun og það eru um 80 ár síðan hún varf. Vonandi verður íslensku útrásinni ekki snúið á haus og stærstu fyrirtækjum landsins breytt í selstöðuverslanir sem stýrt er frá Kaupmannahöfn, London eða Lúxembúrg. Það kann að vera tímabært að skoða þau fordæmi sem ESB hefur til að tryggja landsréttindi og aðstöðu heimamanna.

Fleiri dæmi mætti nefna um það kjarnamarkmið ESB að efla þjóðríkin. Í aðalsáttmálanum eru ákvæði um sérstöðu eyjasamfélaga (349. gr., áður 299. gr.) varðandi sjávarútveg, landbúnað og fleira. Í því frumvarpi að stjórnarskrársáttmála, sem nú er líklega út af borðinu, eru fleiri sambærileg ákvæði, meðal annars um norðurslóðir. Mikilvægt er líka fortakslaut ákvæði um einhlíða úrsagnarrétt. Það tryggir óskert fullveldi aðildarríkjanna (50. gr.).

Evrópusambandið er meðal annars stofnað og starfrækt til að beina sameiginlegu afli þjóðríkjum og smáþjóðum til stuðnings og eflingar. Fjölbættur stuðningur ESB við smáþjóðir og þjóðarbröt, þjóðhætti og þjóðmenningu ber líka vitni um þetta.

Höfundur er fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins.





Orðskýringin
Hvað eru
lánalínur?

6



Landsbankinn / Glitnir
Sameinaður banki
jafnstór Kaupþingi

4-5



Gylfi Magnússon
Bjart framundan

6



LANDSBANKINN Viðskipti með hlutabréf Landsbankans námu rúmum níu milljörðum í gær.

Keypt í Lí utan þings

Utanþingsviðskipti voru með bréf í Landsbankanum fyrir 5,6 milljarða króna snemma í gærmorgun á genginu 21,5 krónur á hlut. Viðskiptin voru í stærri kantinum, þau fyrri upp á rúman 1,1 milljarð króna en hin upp á rúma 4,5 milljarða.

Utanþingsviðskipti eru þau viðskipti sem eiga sér stað beint á milli markaðsaðila og tilkynnt er um eftir á.

Heildarvelta með bréf í Landsbankanum námu rúmum 9,4 milljörðum króna í gær.



Tíma- og verkskráning
Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

HELST Í ÚTLÖNDUM

Aftur í lás | Viðskipti með hlutabréf voru stöðvuð af varúðarástæðum í kauphöllum í Moskvu í Rússlandi aðeins mínútu eftir að þau hófust í gærmorgun en menn óttuðust að mikið fall víða um heim í fyrradag myndi smita út frá sér til Rússlands.

Fjárfestar uggandi | Gengi hlutabréfa féll verulega í Bandaríkjunum eftir að fulltrúar þingsins felldu tillögur stjórnvalda um að setja á laggirnar sjód sem kaupa á verðlausar eignir fjármálafyrirtækja á mánudagskvöld. Fall sem þetta hefur ekki sést í 21 ár.

101 olía | Heimsmarkaðsverð á hráolíu fór í 101 dal á mánudag eftir skell á hlutabréfamörkuðum um allan heim. Sérfræðingar segja þrengingar í alþjóðahagkerfinu skýra minni eftirspurn eftir olíu og keyri það verðið niður. Verðið fór hæst í rúma 147 dali í júlí.



Fyrsta fórnarlambið | Írland er fyrsta evrulandið sem verður kreppunni að bráð en landsframleiðsla þar dróst saman tvo ársfjórðunga í röð. Talið er að fleiri Evrópulönd muni fylgja í kjölfarið þegar tölur birtast um landsframleiðslu þeirra á þriðja ársfjórðungi.

Oliuþeningar leka | Norski olíusjóðurinn tapaði 136 milljörðum íslenskra króna á gjaldþroti bandaríska bankans Washington Mutual í síðustu viku. Norski vefmiðillinn E24.no segir tæpa þrjá milljarða bundna í hlutabréfum og sé það tapað fé. Afgangurinn var í skuldabréfum og óvíst hversu háa fjárhæð sjóðsstjórnarnir sjái aftur.

Óvíst að ríkið geti selt Glitni í bráð

Fitch Ratings segir ólíklegt að ríkið geti selt hlut sinn í Glitni á næstunni. Lífeyrissjóðir eru ekki inni í myndinni. Enn er uppi á borðinu að Landsbankinn sameinist Glitni.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Enda þótt íslenska ríkið segist ekki ætla að eiga hlut sinn í Glitni um lengri tíma, telur Fitch ekki líklegt að það losni auðveldlega við hlutinn í bráð,“ segir í rökstuðningi matsfyrirtækisins Fitch Ratings, fyrir lækkaðri lánshæfiseinkunn Glitnis, úr B/C í F.

Fitch lækkaði einnig lánshæfiseinkunn ríkisins. Það hefur Standard & Poors einnig gert og japanska matsfyrirtækið R & I.

Forystumenn ríkissjóðs sögðu í fyrradag að ekki stæði til að eiga 75 prósent hlut í Glitni til langframa. 600 milljónir evra koma fyrir. Ríkið kemur þar inn, með fyrirvara um samþykki hluthafafundar í Glitni, og samþykki Alþingis.

Ráðherrar í ríkisstjórninni fullyrtu eftir ríkisstjórnarfund í gær að engar formlegar viðræður ættu sér stað við Landsbankann um að sameiningu

við Glitni. Davíð Oddsson seðlabankastjóri kom á ríkisstjórnarfund og fór yfir stöðu mála með ríkisstjórninni. Hann kannaðist lítt við fund forsætisráðherra með Björgólfi Thor Björgólfssyni og bankastjórum Landsbankans í fyrrakvöld.

Áður en ákveðið var að ríkið kæmi inn í hluthafahóp Glitnis, var rætt um sameiningu við Landsbankann, með fulltingi ríkisins. Ekki varð af því en enn virðast vera þreifingar í gangi milli ríkisins og Landsbankans.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, segir að ekkert hafi verið rætt um það í hópi lífeyrissjóða að koma inn í Glitni. Þá hafi ekkert borist frá stjórnvöldum í þá veru.

Ríkið eignaðist hlutinn í Glitni í kjölfar þess að þýskur banki hætti við lánsloforð. Þá leit aði Glitnir til Seðlabankans, sem hafði sjálfur fengið lán hjá hinum sama banka til að styrkja gjaldeyrisvaraforðann.

Sjá síðu 2 og miðopnu

Hagnaður ríkisins af Glitni 119 milljarðar

Hagnaður ríkisins á 75 prósent hlut sínum í Glitni nam eftir kauphallarviðskipti gærdagsins 119,3 milljörðum króna. Að sama skapi má segja að hluthafar bankans frá því fyrir helgi hafi tapað tæplega 166 milljörðum króna.

Gengi bréfa í bankanum féll um rúmlega 71 prósent í viðskiptum gærdagsins, úr 15,7 krónum á hlut á föstudag og í 4,55 krónur á hlut. Lokað var fyrir viðskipti með bréf félagsins á mánudag.

Töluverð viðskipti áttu sér stað

í gær með bréf Glitnis, eða fyrir rúmar 2.085 milljónir króna. Nokkur sveifla var á gengi bréfanna, en viðskipti með þau hófust þó töluvert yfir metnu kaupgengi ríkisins, sem var nálægt 1,9 krónum á hlut. Fyrstu viðskipti voru rétt undir fimm krónum á hlut, en hæst fór gengið í 6,50 krónur. Þá fór hagnaður ríkisins á pappír í 206 milljarða króna. Ríkið setti á mánudag nýtt hlutafé fyrir 84 milljarða króna í Glitni og eignaðist þar með þrjá fjórðu hluta bankans.

VERDMÆTI GLITNIS

Glitnir	fjöldi hluta
Hluthafar Glitnis	14.881
Ríkið	44.642
Samtals	59.523

Hagnaður ríkisins í milljónum króna	
Hlutafé	84.000
Gengi inn	1,88 krónur á hlut
Gengi nú	4,55 krónur á hlut
Markaðsvirði hlutar	203.298
Hagnaður	119.298

Tap hluthafa í milljónum króna	
Gengi var	15,70 krónur á hlut
Markaðsvirði hlutar var	233.627
Gengi nú	4,55 krónur á hlut
Markaðsvirði hlutar nú	67.707
Tap hluthafa	165.920

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

ISK

GBP

DKK

USD

EUR

Markmið
Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans



Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/ISK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyti FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar þennan á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	-5,6%	-8,1%
Atorka	-13,4%	-53,7%
Bakkavör	-12,3%	-63,6%
Exista	-14,8%	-69,6%
Glitnir	-69,6%	-79,3%
Eimskipafélagið	-7,4%	-88,5%
Icelandair	-7,2%	-32,4%
Kaupþing	-6,1%	-21,4%
Landsbankinn	-10,5%	-42,5%
Marel	-3,7%	-13,6%
SPRON	-18,1%	-71,3%
Straumur	-4,4%	-44,7%
Össur	-1,8%	-4,8%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.

Skuldatryggingarálagið rýkur upp

„Fjármálakreppan ágerist með hverjum degi, útlit versnar á alþjóðlegum mörkuðum, gengi krónunnar hefur fallið og allt þetta eykur auðvitað áhyggjur manna af Íslandi, sem endurspeglast í þessum tölum,“ segir Jón Bjarki Bentsson, hjá greiningu Glitnis. Skuldatryggingarálag íslensku bankanna hefur aldrei verið hærra, en það hefur rokið upp síðan í byrjun síðustu viku, eins og sést af meðfylgjandi mynd. Enn er ekki hægt að merkja áhrif þjóðnýtingar Glitnis.


Alþjóðlegir lánsfjármarkaðir hafa þornað enn frekar upp í kjöl-

far þess að Bandaríkjaþing hafnaði björgunarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar, en Libor-vextir, það er þeir vextir sem bankar greiða fyrir að taka næturlöng lán hjá hver öðrum, komust í 6,88 prósent í gær, og hafa aldrei mælst hærri.

Hærri millibankavextir eru til marks um að bankastofnanir treysta ekki hver annarri, en sérfræðingar sem Bloomberg ræðir við segja að peningamarkaðir hafi einfaldlega hrunið og einu bankarnir sem treysti sér til að lána peninga eins og nú er ástatt séu seðlabankar.

- msh

SKULDATRYGGINGARÁLAG ÍSLENSKU BANKANNA



Fitch lækkar ein-kunnir bankanna

Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch lækkaði láns hæfismatseinkunnir Kaupþings, Landsbankans, Glitnis og Straums í gær. Ákvörðunin kemur í beinu framhaldi af ákvörðun ríkisins frá í fyrradag um að kaupa 75 prósent hlut í Glitni fyrir 600 milljónir evra.

Fitch segir að þótt ríkið ætli ekki að sitja á eign sinni í bankanum lengi þá sé svo mikill óróleiki á fjármálamörkuðum að harla ólíklegt sé að hægt verði fyrir ríkið að selja hann í allra nánustu framtíð.

Láns hæfismatseinkunn vegna langtímaskuldbindinga Kaupþings var lækkuð úr A- í BBB. Þá fer Landsbankinn úr A í BBB, Glitnir fer úr A- í BBB- og Straumur úr BBB- í BB+.



TILKYNNT UM KAUPIN Kaup ríkisins á 75 prósent hlut í Glitni urðu til þess að matsfyrirtækið Fitch lækkaði láns hæfiseinkunnir bankanna.

MARKAÐURINN/GVA

Þá setur Fitch láns hæfismatseinkunnir bankanna á athugunarlista með neikvæðum vísbendingum. Ekki náðist í bankastjóra bankanna né aðra tengdum þeim vegna málsins áður en Markaðurinn fór í prentun í gær.

- jab

Latcher í Ríga verður SmartLynx

Fimmtán ára afmæli dótturfélags Icelandair í Lettlandi fagnað með nýju nafni. Gjörbreytt staða á flugmarkaði.

Björn Ingi Hrafnsson
skrifar

Latcher, dótturfélag Icelandair Group í Lettlandi, hefur tekið upp nýtt nafn. Það var kynnt af þeim Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra Icelandair Group, og Garðari Forberg, framkvæmdastjóra Latcher, við athöfn í Ríga í Lettlandi í síðustu viku um leið og haldið var upp á fimmtán ára starfsafmæli félagsins að viðstöddu fjölmenni úr lettnesku og íslensku viðskiptalífi.

Garðar Forberg segir rétt að breyta nú um nafn og útlit flugfélagsins. „Staða okkar innan fluggeirans hefur gjörbreytt á síðustu tveimur árum með miklum vexti og breyttum áherslum,“ segir hann og bætir við: „Við vildum auðkenna okkur með nýjum hætti á markaði þannig að það endurspegladi okkur betur sem fyrirtæki og þá menningu sem hér ríkir. Við erum nú alþjóðlegt fyrirtæki í fjölbættum rekstri.“

Björgólfur Jóhannsson kvaðst ánægður með breytinguna og þróunina í rekstri félagsins á síðustu árum. „Við erum jafnt og þétt að styrkja starfsemi okkar í þessum heimshluta og fögnunum áfanga á þeirri leið í dag. Þetta nýja nafn og yfirbragð rímar vel við aðra starfsemi innan Icelandair Group, en í Tékklandi starfar einmitt SmartWings innan okkar raða,“ segir hann.

SmartLynx í Lettlandi, sem er annað stærsta flugfélag landsins með veltu upp á tíu milljarða króna á ári, er að fullu í eigu Icelandair Group. Í flota félagsins eru tíu vélar. Tvær Boeing 767-300ER breiðþotur og átta Airbus 320-200 vélar. Starfsmenn eru 260 talsins.

Félagið starfar á alþjóðlegum leigumarkaði og er í verkefnum vítt og breitt um heiminn. Félagið er til dæmis með vélar í verkefnum í Afríku, Mið-Austurlöndum og Evrópu. Meðal annars eru tvær breiðþotur í verkefnum fyrir Virgin Nigeria, en sjálfur Sir Richard Branson, stofnandi og



FORSTJÓRI FAGNAR NAFNABREYTINGU Garðar Forberg, forstjóri SmartLynx, fær blómvönd í tilefni af afmæli lettnesk/íslenska flugfélagsins og nafnbreytingunni.

eigandi Virgin, sendi afmælishófinu ávarp sem sýnt var á risatjaldi og talaði hann þar sérstaklega til Garðars Forbergs. Alls sóttu um fimm hundruð manns afmælisfagnaðinn. Meðal gesta var flugmálastjóri Letta, sendiherrar Bandaríkjanna, Frakklands, Þýskalands og Bretlands, framámenn úr viðskiptalífi landsins og fjöldi aðila úr alþjóðlega fluggeiranum.

Heiðursgestur var Jón Baldvin Hannibalsen, fyrrverandi utanríkisráðherra, og Bryndís Schram eiginkona hans, en Jón Baldvin er þekktur þar í landi fyrir framgöngu sína og frumkvæði í sjálfstæðisbaráttu Eyrastalríkjanna, þegar Íslendingar lýstu yfir sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litháen fyrstir þjóða.

Mesta verðbólgan hér

Verðbólga mældist 4,7 prósent innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í ágúst. Þetta er 0,1 prósentustígs lækun frá í júlí.

Miklu munar um orkuverð, sem lækkaði um 1,6 prósent milli mánaða. Það er engu að síður 20,9 prósentum hærra en á sama tíma í fyrra. Þá hefur matvöruverð sömuleiðis lækkað um 0,1 prósent. Það er 7,1 prósentum hærra en í fyrra. Séu þessir tveir þættir undanskildir nam verðbólgan 2,3 prósentum innan aðildarríkja OECD í ágúst.


Verðbólgan var langhæst hér á landi í mánuðinum, 14,5 prósent, en minnst í Sviss, eða 2,9 prósent.

- jab



KEYPT Í MATINN Mesta verðbólgan innan aðildarríkja OECD mældist hér á landi í ágúst.

MARKAÐURINN/VALLI



„Allir vegir færir“

„Glanni ehf. sér um vöruflutninga á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og þurfum við að geta treyst á að ökutæki okkar séu í fullkomnu lagi. Þegar við höfum þurft að kaupa nýja bíla hefur verið gott að leita til ráðgjafa Lýsingar sem hafa greitt leið okkar og leiðbeint okkur við fjármögnun. Með hjálp starfsfólks Lýsingar eru okkur allir vegir færir.“

Agnar Þór Sigurðsson og Bjarni Kristján Gunnarsson, Glanni ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LÝSING.IS // 540 1500

sjáðu
heyrðu
lifðu



Fundarherbergi - Náðu athygli, náðu árangri

Rétt val á mynd-, hljóð og fjarfundarbúnað, vönduð uppsetning og einfalt stjórnviðmót er lykillinn að árangursríkum og afslöppuðum fundarhöldum. Bjóðum sérsniðnar lausnir fyrir allar stærðir fundarherbergja.

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar í Hlíðasmára 3, 201 Kópavogi.



SONY

CRESTRON

NEC



Hlíðasmára 3 201 Kópavogur sími 585 3800 www.sense.is

Sameinaður banki yrði á við *Kaupþing*

Enn er rætt um hugsanlega sameiningu Landsbanka og Glitnis í kjölfar þjóðnýtingar hins síðarnefnda. Ingimar Karl Helgason fór yfir málið og heyrði meðal annars að slíkur samruni teldist líklega brjóta gegn samkeppnislögum, nema ef sett yrðu lög eða talið væri að annar bankinn stæði höllum fæti.

Landsbankamenn komu að viðræðum ríkisins og Glitnis um helgina, vegna slæmrar stöðu hins síðast nefnda. Slíkar hugmyndir eru enn á lofti.

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar fullrýttu eftir ríkisstjórnarfund í gær að engar formlegar viðræður ættu sér stað.

Davíð Oddsson Seðlabankastjóri tók fram á fundi í Seðlabankanum í fyrradag að Glitnir stæði vel, eignasafnið væri gott og hann vel rekinn. Vandamálið væri fjármögnun til skamms tíma. Hefði ríkið ekki komið til skjalanna hefði Glitnir rúllað á hausinn.

SVIKIN LOFORÐ

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst hafði Glitnir loforð um fjármögnun frá þýska bankanum Landes til að mæta væntanlegri endurgreiðslu láns um miðjan næsta mánuð. Fjármögnunarbörfin mun hafa numið um 150 milljónum evra, og lánsloforðið í samræmi við það.

Hins vegar fékk ríkið lán hjá hinum sama banka. Forsætisráðherra kynnti lánið í skýrslu sinni um efnahagsmál í byrjun september.

Það var svo fyrir helgina, þegar fyrir lá að Glitni fengi ekki lánið, að leitað var til Seðlabankans. Lyktir þess máls urðu að ríkið eignaðist þrjá fjórðu hlutafjár í bankanum.

HLUTUR RÍKISINS HÆKKAR Í VERÐI

Fyrir hlutinn greiðir ríkið 600 milljónir evra, eða sem nam 84 milljörðum króna á mánudagsmorgun. Ríkið hefur tekið yfir stjórn bankans, en gjörningurinn er samt sem áður háður samþykki hluthafundar Glitnis og Alþingis.

Forsætisráðherra sagði á mánudag að ekki væri stefnt að því að ríkið ætti hlutinn til langframa. Fitch sér ekki hvernig



ÚR STJÓRNARRÁÐINU Í BANKANN Fundað var fram á tíunda tímann í stjórnarráðinu í fyrrakvöld. Björgólfur Thor Björgólfsson og bankastjórar Landsbankans ræddu við Geir H. Haarde forsætisráðherra.

MARKAÐURINN/DANIEL

ríkið á að losna við hlutinn á næstunni.

Þegar þetta er skrifað, eftir hádegi á þriðjudegi, hefur hlutur ríkisins aukist að verðmæti um vel á annað hundrað milljarða króna.

MISMUNANDI FJÁRMÖGNUN

Landsbankinn segir að hlutfall innlána á móti útlánum sé 63 prósent.

Þá sé lausafjárstaða bankans sterk. Á síðari hluta þessa árs og fyrri hluta hins næsta þurfi bankinn að standa skil á 855 milljónir evra. Í byrjun vikunnar hafi lausafjárstaða bankans verið átta milljarðar evra, svo staðan sé sterk.

HVER ER ÞÁ VANDI LANDSBANKANS?

Landsbankinn hefur samt sem áður ekki farið varhluta af erfiðleikum í efnahagslífinu. Stórum viðskiptavinum bankans hefur gengið illa og hafa þau vandamál verið að koma upp á yfirborðið undanfarnar vikur og mánuði. Nefna má Icelandic Group, Eimskipafélagið og ekki síst Nýsi. Þá er Landsbankinn meðal helstu lánardrottna Stoða, sem fóru í greiðslustöðvun á mánudag. Heildarskuldri Stoða nema 260 milljörðum króna. Undanfarið rúmt ár hefur hlutfall innlendra lánadrottna farið vaxandi. Þar hefur Kaupþing einnig hagsmuna að gæta.

FJÁRMÖGNUNIN

Hlutfall lánsfjármákaða í útlánum	
Kaupþing	56%
Glitnir	72%
Landsbankinn	37%
Glitnir+Landsbanki	55%

ÞRÍR VIÐ BORDIÐ

„[Það] voru ýmsar markaðslausnir uppi á borðinu,“ sagði Davíð Oddsson í fyrradag, um atburði helgarinnar.

Sameining Glitnis og Landsbankans hefði verið rædd, samkvæmt heimildum Markaðarins, án beinnar þátttöku ríkisins en með stuðningi þess og vilja.

Hugmyndin er á lífi. Seinast í fyrrakvöld sat Björgólfur Thor Björgólfsson, einn eigenda Landsbankans, og raunar Straums einnig, fund með forsætisráðherra í stjórnarráðshúsinu. Fundinn sátu einnig Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Arnason, bankastjórar Landsbankans.

Forsætisráðherra segir að þar hafi verið farið yfir stöðu mála. Heimildir Markaðarins herma að Landsbankamenn sýni því áhuga að sameinast Glitni til að treysta eiginfjárstöðu sameinaðs banka.


Heimildir innan ríkisstjórnarinnar herma einnig að Landsbankamenn vilji á þessum tímamarki komast inn í Glitnisviðskiptin, en það verði aldrei á því verði sem ríkið greiddi fyrir hlut sinn í bankanum.

TILFÆRSLA MILLI RÍKRA MANNA

Ýmsir voru fræddir um stöðu mála seint á sunnudagskvöld, þegar verið var að ganga frá innkomu ríkisins. Þá kom fram að Landsbankasameining hefði verið rædd, en hún hefði farið út af borðinu.

TOK

Góður kostur fyrir **pitt fyrirtæki**



TOK er eitt algengasta bókhalds- og launakerfið hjá íslenskum fyrirtækjum, stórum sem smáum, í öllum greinum atvinnulífsins. Kynntu þér kosti TOK.



DÍSILBÍLAR eru sjöttíu prósent allra nýrra bíla í Noregi. Hollustuverndin í Noregi hvetur fólk til að kaupa frekar dísil-bíla og segir þá ekki hafa jafn skaðleg áhrif á heilsu fólks og umhverfið og bensínbílar. Hlutfall dísilbíla af nýjum seldum bílum er hæst í Noregi af öllum Evrópulöndunum.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA

Heimagisting á besta stað í bænum.
Byður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnst Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

Stuðst er við námsskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta. Mannleg samskipti.
- Skípulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum. Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

Umsögn:

„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni“.



Maríja Jensdóttir kennari.



FERÐAMÁLASKÓLI ÍSLANDS,
Bíldshöfða 18, sími 567 1466,
Opið til kl. 22.00,



TJÓNASKOÐUN

RÉTTINGAR - SPRAUTUN

RÚÐUÍSETNINGAR

ALMENNAR VIÐGERÐIR

CAR-O-LINER
RÉTTINGARBEKKUR



RETTIR BÍLAR EHF

SÍMI & FAX: 554-3044 • RETTIRBILAR@RETTIRBILAR.IS
VESTURVÖR 24 • 200, KÓPAVOGUR



Tómas og félagar þrömmuðu upp í kastala þar sem fyrirmyndin að Drakúla greifa var í haldi um tíma og fundu augtennurnar lengjast. MYND/ÚR EINKASAFNI

Djassað fyrir Drakúla

Tómas R. Einarsson og latínsveit hans spiluðu nýlega á djasshátíð í Brasov í Rúmeníu og heimsóttu kastala Drakúla í næsta nágrenni. Tómas er ekki frá því að augtennur hans hafi lengst í heimsókninni.

Bassaleikarinn Tómas R. Einarsson hélt með latínkvartett sinn til Rúmeníu í lok ágúst og spilaði þar á djasshátíð í borginni Brasov í Karpatafjöllum. Þar komst hann í návígi við sjálfan Drakúla.

„Við skoðuðum okkur um bæði í Búkarest og Brasov, sem er næststærsta borg Rúmeníu,“ segir Tómas, sem finnst Brasov meira heillandi. „Þar hafa hús frá liðnum öldum fengið að standa óhreyfð og þar eru engar hræðilegar montbyggingar eins og í höfuðborginni. Í nágrenni Brasov er svo kastali þar sem maðurinn sem var fyrir-


myndin að Drakúla greifa var í haldi um tíma. Það eru margar aldir síðan sá grimmi maður sat þarna járnaður en það kemur ekki í veg fyrir að ferðamenn þrammi upp í kastalann og skoði hann andaktugir,“ segir Tómas og það gerðu hann og félagar auðvitað líka. „Ég er ekki frá því að ég hafi fundið augtennurnar lengjast þarna í náviginu við Drakúla.“

Tómas segir forsöguna að því að hann fór á þessar slóðir þá að þýskur blaðamaður kom á Jazzhátíð Reykjavíkur fyrir ári síðan og tók við hann viðtal. „Hann fékk

nokkra diska af Romm Tomm Tomm og gaf framkvæmdastjóra djasshátíðarinnar í Brasov eintak. Hann varð skotinn í þessari íslensku latínsveiflu og þetta endaði svo með því að við spiluðum tvönnu tónleika á hátíðinni og nutum þess heiðurs að það var sjónvarpað beint frá fyrri tónleikunum.“

En hvað er svo á döfinni? „Það er lokafrágangur á væntanlegum diski mínum sem heitir Trúnó. Ragnheiður Gröndal syngur að stærstum hluta en Mugison er gestasöngvari.“ vera@frettabladid.is

Leikfangaland



Þarftu að geyma elskuna þína ??

Gistiheimili fyrir bílinn, mótórhjólíð, jetskí, vélsleðann o.fl. Ný aðstaða, upphituð og ný máluð.

Nánari upplýsingar í síma 893 6001.



Allt á einum stað

VETRARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf. bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA
ISUZU OPEL

SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) • 200 KÓPAVOGI • SÍMI: 567 7360

Bremsuhlutir
í alla jeppa og pickupa

Diskar
Klossar
Dælur
Borðar

Ísetningarþjónusta

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSUM

Nissan Navara árg. 2006
Verð 3.100.000 stgr.

Upplýsingar í síma 862.5333

Forvarnir gegn meiðslum

Einar Guðmundsson hjá Forvarnahúsi Sjóvá segir það geta skipt sköpum hvernig bílstjóri sitji við stýrið ef til árekstrars komi. Stilling höfuðpúða og staða handa og fóta eru mikilvæg atriði í því sambandi.

Árekstrar og slys gera sjaldnast boð á undan sér og því er allur varinn góður. Einar Guðmundsson, forstöðumaður Sjóvá forvarnahúss, kann einföld ráð sem geta skipt sköpum og dregið úr alvarlegum meiðslum.

„Mikilvægt er að stilla höfuðpúða í rétta hæð en hann þarf að nema við aftasta hluta höfuðs,“ segir Einar og nefnir dæmi: „Ef ekið er aftan á bíl skellur höfuðið aftur og mikill hnykkur getur komið á hálsinn ef hnakkapúðinn er rangt stilltur. Verði ökumaður var við það að bíll fyrir aftan nálgast á mikilli ferð er því ráð að halla höfðinu að púðanum.“

Þá segir Einar mikilvægt að hafa sætið hæfilega langt frá stýri. „Hendur mega þó ekki vera beinar út frá öxlum því ef högg kemur framan á bílinn getur það leitt upp í axlir. Ef smá beygja er hins vegar á olnboga virkar hann sem dempari á höggið.“ Einar segir suma unga ökumenn halla sætinu mikið aftur. „Slík stilling er mjög varhugaverð því þá þarf handleggurinn að vera beinn.“

Eins segir Einar að fætur megi ekki vera það langt frá fótstigum að þeir verði beinir ef nauðsynlegt er að nauðhemla. „Ef hnéð er beint leiðir högg upp í mjaðmagrind og getur skaðað hana. Smá beygja á hné virkar sem dempari líkt og sveigja á olnboga. vera@frettabladid.is



Einar segir mikilvægt að hafa olnboga og fætur bogna en það hefur dempanði áhrif ef högg kemur á bílinn. FRÉTTABLAÐID/ANTON



Höfuðpúði þarf að nema við aftasta hluta höfuðs og ekki er ráðlegt að hafa höfuðið of langt frá púðanum.



Ef ekið er aftan á bíl skellur höfuðið aftur og mikill hnykkur getur komið á hálsinn ef hnakkapúðinn er rangt stilltur.

Vörur í Bústaðinn

Sólarsellur Vindrafalar

Gasmiðstöðvar Ljósavélar Sparljós og perur Vatnshitarnar

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is

rotor

kælikápar Olíufnar fyrir sumarbústaði allt að 80 Fm2

VERSLUN / VERKSTÆÐI Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður Sími 555 4900



LEYNDARDÓMAR EGYPTALANDS

er yfirskrift spennandi tveggja vikna ferðar sem farin verður á vegum Bændaferða 16. nóvember.



Þorpið Cap Ferret stendur í ósi þar sem ræktaðar eru ostrur. Farið verður í bátsferð í Cap Ferret, ostrur smakkaðar og drukkið hvítvín.

Sælkeruferð um franskar sveitir

Frægustu vín veraldar, brakandi valhnetur, franskur sveitamatur og unaðslegir villisveppir verða á meðal þess sem ferðalöngum býðst í haustferð um fádæma fallegan suðvesturhluta Frakklands í október.

„Þetta verður blanda af menningarreisni, sælkeruferð og góðri skemmtun að hausti fyrir þá sem hafa áhuga á hinni gömlu sveita- og matarmenningu Frakklands. Þarna ríkir óskapleg náttúrufegurð, landið er skreytt litríkum haustlitum, veðrið sólríkt og milt og hvarvetna gnótt tækifæra til að upplifa það allra besta sem Frakkar bjóða í mat og drykk,“ segir Halldóra Kristjánsdóttir hjá ferðaskrifstofunni Trex sem efnir til nýstárlegrar ferðar á slóðir í Frakklandi sem rithöfundurinn Henry Miller kallaði paradís.

„Um er að ræða svæði í Suðvestur-Frakklandi, við borgina glæsilegu Bordeaux sem stendur í heimsfrægu vínræktarhéraði, en einnig endalausar strendur Arcachon og sveitir Perigord með hrífandi þorpum, bæjum, skrúðgöllum og mögnuðum köstulum, en rúsinan í pylsuendanum er dagur í París,“ segir Halldóra um þær fögru ferðaslóðir sem Íslendingum gefst nú færi á að heimsækja undir styrkri fararstjórn hinnar hálf-frönsku, hálf-íslensku Isabelle de Bisschop, sem þekkir svæðið vel.

„Við fljúgum til Parísar og tökum hraðlest til Bordeaux, sem er önnur stærsta hafnarborg Frakklands við Atlantshafið.

Þaðan förum við á hinn fræga baðstað Arcachon, þorpin Cap Ferret og Perigord, þar sem fólk er með því heilsuhraustasta og langlífasta í heiminum, en það skrifast á feita gæsa- og andalífur og Bordeaux-vín á daglegum matseðlum,“ segir Halldóra og bætir við að Isabelle fararstjóri leggi mikla áherslu á sælkeramat í hvert mál, en allar máltíðir, fyrir utan eitt kvöld í París, eru innifaldar í ferðinni.

„Frá Bordeaux förum til Siorac og ferðumst þaðan í það sögufræga þorp Saint-Émilion, förum dagsferðir í póstkortarþorpið La Roque Gageac, Beynac-kastalann og Marqueyssac-garðinn sem þykir sá fegursti í Frakklandi, í ítölskum stíl, að ógleymdum Lascaux-hellunum, þorpinu Les Eyzies sem kallast heimshöfuðborg forsögulegs tíma, borginni Sarlat sem er víðfræg fyrir fegurð og heimsóknir til vínbænda og annarra, en í héraðinu er mikil sveppa- og valhneturækt,“ segir Halldóra og leggur áherslu á að farnar verði stuttar vegalengdir á milli staða.

„Við hlökkum til að sýna íslenskum ferðalöngum nýja hlið á Frakklandi, en með þessari ferð siglum við á ný mið og bætum í flóru utanlandsferða okkar.“

thordis@frettabladid.is



Á klettunum við þorpið Beynac stendur einn best varðveitti kastali Frakklands.

Nafnið Tíbet er dregið af arabíska orðinu Tubbat en það er dregið af tyrkneska orðinu Töbäd, sem þýðir hæðirnar. Höfuðborg Tíbet, Lhasa, er í 3.600 metra hæð yfir sjávarmáli.

wikipedia.org

FERÐIR

THAILAND - SUMAR OG SÓL ALLT ÁRIÐ



UPPLIFIÐ THAILAND MEÐ LEIÐSÖGN EÐA Á EIGIN VEGUM – VIÐ AÐSTOÐUM MEÐ FERÐINA!

KYNNIÐ YKKUR FJÖLMARGA ÁFANGASTADI Í THAILANDI Á WWW.FERD.IS

Sími 49 12345 • Netfang ferd@ferd.is • WWW.FERD.IS

Frá aðeins kr. 98.900
Ótrúlegt sértíloboð
– vikuferð með fullu fæði

Gott hótél við stórkostlegan bæ

Hotel Santa Lucia 
- með fullu fæði

Aðeins 15 herbergi í boði!

Einstakur sumarauki í beinu morgunflugi!

Sikiley

14.-21. október

Heimsferðir bjóða frábært sértíloboð til Sikileyjar í beinu flugi 14. október á yndislegum tíma. Hitinn er um 25-28 gráður og hentar bæði til sólbaða og til skoðunar á þessari stórbrotnu eyju. Dvalið er á Hotel Santa Lucia le Sabbie d'Oro, góðu þriggja stjörnu hóteli, rétt við hinn einstaka bæ Cefalú, um 70 km. frá Palermo. Hótelið býður góðan aðbúnað og fyrir gesti og er fullt fæði innifalið. Cefalú bærinn, sem er einstök perla, var t.d. tökustaður hinnar vinsælu kvikmyndar Cinema Paradiso sem margir þekkja. Sikiley er sannkölluð perla. 2.700 ára menningarsaga, einstök náttúrufegurð, ótrúlegar fornminjar, fallegar byggingar og söfn, ásamt áhugaverðri matarmenningu og blómlegu mannlífi. Sikiley býður góðar baðstrendur og góða þjónustu við ferðamanninn. Spennandi kynnisferðir í boði (háð lágmarkspáttöku 20 manns).

Frá kr. 98.900

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli með fullu fæði í viku. Aukagjald fyrir einþýli kr. 29.000.

- Stórkostlegir bæir
- Stórbrutin náttúrufegurð
- Einstök matarmenning
- Ótrúlegar fornminjar
- Baðstrendur
- Góð gisting
- Spennandi kynnisferðir



Bókaðu strax! www.heimsferdir.is



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is



ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar
vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn
er opinn alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI



RANGE ROVER SPORT 4.4 HSE. Árg. 2006, ek. 43 þ.km, Bensín, leður, lúga, DVD ofl. Ásett verð 8.900þ. Tilboðsverð 5.900þ. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2 s. 562 1717, sjá fleiri myndir á www.bilalif.is Rnr.122685.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug.
12-16.
www.bilalif.is

Riding Iceland
Fjór hjóla og mótórhjólaleiga



Fjór hjóla leiga: Can-Am Outlander 400 XT, 2ja manna. Kawasaki KVF 750. Mótórhjólaleiga: Suzuki VSTROM 650. Kawasaki KLR 650. Kawasaki VERSYS 650. Yamaha XT 660.

Fjór hjóla og mótórhjólaleigan
Sími: 6951855
www.ridingiceland.is



Smart ForTwo PULSE Árg.'08, ekinn 3 þ.km. Sjsk. Glertoppur, ESP stöðug-leikakerfi ofl. Eyðsla innan við 5L, fritt í bílastæði. Verð kr. 2.350.000,-



Ford Escape Limited 3,0 Árg.'08, ekinn 42 þ.km. Sjálfskiptur, leðurinnrétting ofl. Verð kr. 3.950.000,- Skoðum öll skipti.

Bílaport / Interport ehf
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300 / 897 1928
www.interport.is



TILBOÐ 350 þ. stgr.
TOYOTA COROLLA L/B LUNA, árg.'98, ek. 100þ. km, Ssk. Rafr.rúður, Ný Tímareim, Ný smurður, 100% Smurbók, Toppeintak, Ásett Verð 490 þ. uppl. á www.arnarbilar.is rn: 120756. S. 567 2700.



TILBOÐ 990 þ. stgr.
TOYOTA COROLLA 1.4L VVTi, árg. 6/'04, ek. 93 þ.km, 5 Gíra, Góður bill á góðu verði, Ásett Verð 1.290 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is rn: 140516. S. 567 2700.

Arnarbilar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is



Einkabílar
Sími: 5124040
<http://www.einkabilar.is>



Toyota Prius Hybrid nýskr. 12/2007. Ekinn 2 þ. km, sjálfskiptur og álfelgur. Tilboð 2.990.000 Uppl. í síma 420 6600.

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19, 260
Reykjanesbær
Sími: 420 6600



Nissan NAVARA 4WD DOUBLE CAB MT SE árg. 2004, ek.15þús, beinsk, Álfelgur, Dráttarbeiðli, Klædd skúffa, Líknarbelgir, Plasthús, Ásett verð 3290 þús.kr. Gúlfallegur bill!!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og
laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Dæmi um 2007/2008: Dodge Caliber frá 2.030 þús., Dodge Caravan og Chrysler Town and Country frá 2.000 þús., Toyota Camry frá 2.550 þús., Dodge Charger SXT frá 2.400, S. 5522000 - www.islandus.com



Opel Astra OPC 2007
Ek. 26 þ.km, 241 hö, 6 gírar, túrbína, 18" low profile, leður, eyðir um 11L/100km. Verð. Yfirtaka + 800þ., Afb. 39 þús. Er í sal Bill.is s. 577 3777.



Volvo V40
Volvo V40 Stv sjálfsk. Árg. 08.03. Mjög vel með farinn og fallegur bill. Aðeins ek 75.þús km. leðurinnrétting ný tíma-reim og dekk. Ekkert áhvilandi. Uppl í s. 898 8228.



Vel með farinn Renault Laguna árg. '01 ek. aðeins 79þ.km. V.400þ. Uppl. í s. 865 9697.



Opel Astra 2000 árg. Ek. 125.000 km. Beinskíptur og mjög sparneytinn. Nýsprautaður, nýskoðaður og hefur aldrei bílað. Er á 4 sumardekkjum og 4 glæný vetrardekk fylgja. Þarf að skipta um útvarp (en það virkar þó). Verð 490.000 Uppl. í s. 847 3156.



Nissan Almera '00 ek. 99 þ. Tilboð óskast. Uppl. í s. 616 2597.



Subaru Legacy árg. '99. Ek. 100. S. 616 2597.



Til sölu Land Cruiser 80 TDI 38-44" d árg. '94, ekinn aðeins 192 þ.km. Allur nýbreyttur & yfirfarinn, afar gott eintak. Verð 3,6 milj. Uppl. í s. 840 7961.



Honda crv árg.'05 ek 60 þús. sjálfsk. skoðaður '10. Sumard. á álf. vetrard. á stálf. Verð í lista 2,3 ásett 2,1m. Uppl. í s. 868 2352.



Mussu, árg. '98. Sjálfsk., bensín. Góður bill. V. 350 þ. Uppl. í s. 845 2321.



Hilux DC diesel1990 33" dekk ný skoðaður '09 ekinn tæp 300þ. Verð aðeins 199.000 stgr. Uppl. í s. 895 9558.



Benz E220 beinsk. '92. sk.'09. Góður bill. Verð 240.000 stgr. Hyundai H-1 tdi sjálfsk.'00. sk.'09. 10 manna. Verð 390.000 stgr. Uppl. í s. 692 5577.



Til sölu Renault Clio árg.'98 ek. 143 þús. Hvítur tveggja dyra, nýskoðaður toppbill. Verð aðeins 95 þús. S. 821 5790.

0-250 þús.



1-2 milljónir



Nissan Micra 2005 ek. 33þ 5 gíra bsk. Yfirtaka á ca. 1 m.kr. láni + 100þ. S. 86 66192.

2 milljónir +



Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 5522000. Hybrid-bílar eru nú fánlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com

Bílar óskast

Óska eftir bíl á verðbilinu 20-30 þús. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 847 9857.

ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS.!!! Ekki eldri en '98 má þarfnast smá lagfæringa. S. 841 8955.

Jeppar



Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Mikið framboð af jeppum. Dæmi um 2007/2008: Dodge Durango frá 2.900 þús., Ford Explorer frá 2.900 þús., Jeep Grand Cherokee frá 3.000 þús. S. 5522000 - www.islandus.com.

Pallbílar



Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Griptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F250 frá 2.400 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tundra frá 2.700 þús., GMC Sierra C/K 1500 frá 2.600 þús. S. 5522000 - www.islandus.com

Mótorhjól



KXF 450 árg. '08 ek. ca. 20 tíma. Verð 650 þ. Uppl. í s. 866 0532.

Til sölu Honda CRF 250 Crosshjol. FMF púst, ný dekk. Hjólið er notað í ca. 30 tíma. Glæsilegt hjól en þarfnast lagfæringa líklegast stimpill farin. Verð 550 þús. / tilboð s. 659 2961.

Vinnuvélar



Retro Stefson

Ávörp

Geir H. Haarde forsætisráðherra

Pórarinn Týrfingsson, formaður SÁÁ

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir



SAMTÖK ÁHUGAFÓLKIS
UM ÁFENGIS- OG
VÍMUEFNAVANDANN



Unglingasími SÁÁ 824 7666 er opinn dag og nótt. Þar færðu allar upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu SÁÁ fyrir börn og unglínga og foreldra þeirra.

KLASSÍK Í HÁDEGINU

GERÐUBERG OG VON 2008-2009


Fimmtudagur 2. okt. í Gerðubergi kl. 12:15
Föstudagur 3. okt. í Von kl. 12:15

WEBERN
DREI KLEINE STÜCKE OP. 11
BRAHMS
SÓNATA ÓP. 38 FYRIR SELLÓ OG PÍANÓ

Arnbór Jónsson, selló
Nína Margrét Grímsdóttir, píanó

**GERÐUBERG**

www.gerduberg.is
Sími 575-7700 – gerduberg@reykjavik.is



SÝNING MÁNAÐARINS Í OKTÓBER

PRIVATE DANCER

Í BORGARLEIKHÚSINU

Panic productions
Miðasala: 568 8000 | www.borgarleikhusid



NÁNARI UPPL: www.leikhopar.is



LEDURSTÍGVÉL 23.900 KR

ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Litlatúni 3 • Gardabær • 517 4806
www.ilsejacobsen.dk

20

FRÉTTABLAÐIÐ

1. október 2008 MIÐVIKUDAGUR

NOKKUR ORÐ
Alma Guðmundsdóttir

Annars konar líf

Þegar ég settist við tölvuna fannst mér ég hálfpartinn knúin til að skrifa um eitthvað krepputengt. Ég byrjaði að fara yfir umfjöllunarefnin í huganum og listinn sem ég endaði með var ekki beint skemmtilegur; Staða bankanna, fall krónunnar, hækkandi bensín- og matvæla-verð og fleira niðurdrepandi. Það er óumflýjanlegt að finna fyrir þessu.

Eðlilega er talað um fátt annað í fjölmiðlum og samræður við kunningja á förnun vegi snúast ekki lengur um veðrið, heldur hve afborganir af erlendum lánun hafa hækkað svívirðilega mikið.

Þegar ég fór að hugsa um að kreppan er að hafa áhrif á fólk út um allan heim mundi ég allt í einu eftir því að það er til fólk sem hefur aldrei upplifað fjárhags-áhyggjur eða lífsgæðakapphlaup. Um stund flúði ég ástandið í huganum og gleymdi mér á meðan ég fylgdist með

þessu fólki í þætti þar sem maður að nafni Bruce Parry ferðast niður Amazon. Þar heimsótti hann þetta fólk sem lifir í misstórum ættbálkum meðfram fljótinu og margir þeirra eru í litlum eða engum tengslum við umheiminn. Bruce fékk sérstakt leyfi til að heimsækja fólkið og mynda daglegt líf þess. Hann tók þátt í öllu sem fram fór, hvort sem það var að veiða sér apa til matar eða drekka fjóra lítra af sérblönduðu tei á hverjum morgni í þeim tilgangi að hreinsa sig með því að kasta því upp. Í ættbálkunum ríkti ótrúleg samstaða og á löngum samverustundum snérust samtölin ekki um stöðuna á fjármálamarkaðinum, heldur draumsýnir, veiðar og veðrið.

Það gladdi mig að fá að skyggjast inn í líf þeirra og þótt ótrúlegt megi virðast fór ég ósjálfrátt að vona að haustrigningin bærist aftur í tal.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli

■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



NÍNA MARGRÉT
GRÍMSDÓTTIR
PÍANÓLEIKARI
Listrænn stjórnandi
tónleikaraðarinnar
Klassík í hádeginu.

Klassík í hádeginu

Íslenskir tónlistarunnendur hafa nóg við að vera nú í haust og vetur, en um þessar mundir er að hefjast fjöldi tónleikaraða sem munu ylja landsmönnum um hjartarætur í svartasta skammdeginu. Ein slík tónleikaröð hefst á morgun; Klassík í hádeginu nefnist hún og er sprottin af samstarfi SÁÁ, menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs og Nínu Margrétar Grímsdóttur pianóleikara, en hún er listrænn stjórnandi raðarinnar. Nína Margrét hefur fengið til liðs við sig þjóðþekkta tónlistarmenn á borð við Áshildi Haraldsdóttur flautuleikara, Gunnar Kvaran sellóleikara, Hönnu Dóru Sturludóttur söngkonu, Peter Máté pianóleikara, Sesselju Kristjánsdóttur söngkonu, Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikara og Svövu Bernharðsdóttur víóluleikara. Þau munu aðstoða hana við að töfra fram fagra tóna í hádegishléum í vetur. Tónleikarnir fara

fram fyrstu vikuna í hverjum mánuði og er röðin áframhald sams konar tónleikaraðar sem haldin var mánaðarlega síðastliðinn vetur í húsnæði SÁÁ við góðar undirtektir bæði gesta og gagnrýnenda. Fyrstu tónleikarnir í röðinni fara fram kl. 12.15 á morgun í Gerðubergi og á sama tíma á föstudag í Von, tónleikasal SÁÁ. Þá munu þau Nína Margrét og Arnþór Jónsson sellóleikari flytja verk eftir Webern og Brahms. Í Gerðubergi gefst gestum kostur á að snæða hádegisverð fyrir eða eftir tónleikana og því tilvalið fyrir hópa sem vilja gera sér glaðan dag að njóta tónlistar og veitinga í menningarmiðstöðinni. Miðaverð er 2.000 kr. og 1.000 kr. fyrir námsmenn, eldri borgara og öryrkja. Menningarmiðstöðin Gerðuberg er til húsa við Gerðuberg 3-5 í Breiðholti og Von, hús SÁÁ, er í Efstaleiti 7 í Reykjavík. -vp

Útsölumarkaður í Tónabúðinni Skipholti 21

Tónabúðin flytur og sameinast Hljóðfærahúsinu í Síðumúla 20



Allt á að seljast!
Hljóðfæri og
hljóðbúnaður á
ótrúlegu verði.



HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

TÓNABÚÐIN

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ | TÓNABÚÐIN | SÍÐUMÚLA 20 | 108 REYKJAVÍK

LAGERSALA

ÚTIVISTARFATNAÐUR 50-70% GÖNGUSKÓR 50-70%
SKÍÐA OG BRETTAVÖRUR 30-70% VETRARFATNAÐUR 50%
VEIÐIVÖRUR 35-50% BAKPOKAR OG SVEFNPOKAR 35-50%
STENDUR AÐEINS Í NOKKRA DAGA



FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Veldu hagkvæmustu og auðveldustu leiðina Nýttu þér tilbo Bílafrel

Nýtt

Veldu hagkvæma leið. Veldu Bílafrelsi Brimborgar.

Nú er góður tími til að fá sér nýjan bíl fyrir veturinn. Þú velur hagkvæmustu leiðina og nýtir þér tilboðin sem fylgja Bílafrelsi Brimborgar. Bílafrelsi er frábær útfærsla á einka-/rekstrarleigunni. Bílafrelsið er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði, ef þú vilt. Það er erfitt að finna auðveldari leið til að fá sér nýjan bíl.

Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Nýttu þér tilboðin sem fylgja Bílafrelsi Brimborgar. Kynntu þér einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg

Þú hugleiðir hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.

Strax í dag. Dæmi um tilboð með Bílafrelsi Brimborgar:



Tilboð. Einka-/rekstrarleiga 54.900 kr. á mánuði.

Mazda6 Advance

Hringdu núna í síma 515-7000

2,0i 147 hð 184 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 182 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,7 l/100 km
Októberverð: 3.090.000 kr.*
Einka-/rekstrarleiga 54.900 kr. á mánuði í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 559.486 kr.
5 bílar á þessu tilboði.



Tilboð. Einka-/rekstrarleiga 34.800 kr. á mánuði.

Ford Fiesta Trend

Hringdu núna í síma 515-7000

1,4i 80 hð 124 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,4 l/100 km
Októberverð: 1.950.000 kr.*
Einka-/rekstrarleiga 34.800 kr. á mánuði í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðslum er vaxta- og lántökukostnaður 341.450 kr.
4 bílar á þessu tilboði.

Nýjung

Bílafrælsi Brimborgar: styttri samningstími
eða 24 mánuðir í stað 36

Nýjung

Bílafrælsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu
skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

Þín sem fylgjast sú Brimborgar

Bílafrælsi 12-24.

Brimborgar



Tilboð. Einka-/rekstrarleiga 42.500 kr. á mánuði.

Citroën C4 SX

Hringdu núna í síma 515-7000

1,6i 110 hö 147 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 169 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,1 l/100 km
Októberverð: 2.330.000 kr.*
Einka-/rekstrarleiga 42.500 kr. á mánuði
í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðslum er vaxta- og
lántökukostnaður 412.503 kr.
3 bílar á þessu tilboði.



Tilboð. Einka-/rekstrarleiga 79.900 kr. á mánuði.

Ford Escape XLS AWD

Hringdu núna í síma 515-7000

2,3i 153 hö 206 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 9,9 l/100 km
Októberverð: 3.870.000 kr.*
Einka-/rekstrarleiga 79.900 kr. á mánuði
í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðslum er vaxta- og
lántökukostnaður 626.555 kr.
6 bílar á þessu tilboði.


visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað


brimborg

Öruggur staður til að vera á

Einka-/rekstrarleiga miðast við innborgun sem nemur 4 afb. í tryggingafé. Ef leigutaki nýttir sér bílafrælsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. Októberverð er nettóverð með alskatti. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Aukabúnaður á mynd er ekki innifalinn í verðinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



VIÐ ÞÖKKUM TRAUSTIÐ

MESTA ÁNÆGJA MEÐ ÞJÓNUSTU

SVEITARFÉLÖGIN GARÐABÆR, REYKJANESBÆR OG SELTJARNARNES
SKIPA EFSTU SÆTI Í ÞJÓNUSTUKÖNNUN CAPACENT GALLUPS ÞAR SEM MÆLT ER VIÐHORF ÍBÚA
TIL ÞJÓNUSTU Í SAMANBURÐI VIÐ 15 STÆRSTU SVEITARFÉLÖG LANDSINS.

✓	Ánægja með bæjarfélagið sem stað til að búa á	✓	Ánægja með þjónustu á heildina litið
✓	Ánægja með framboð af leikskólaplássum	✓	Ánægja með umhverfismál
✓	Ánægja með skipulagsmál	✓	Ánægja með þjónustu við barnafjölskyldur
✓	Ánægja með þjónustu grunnskóla	✓	Ánægja með þjónustu leikskóla
✓	Ánægja með aðstöðu til íþróttaiðkunar		

Niðurstöður þjónustukönnunar Capacent Gallup sem gerð var hjá 15 stærstu sveitarfélögum landsins. Könnunin fór fram 12. - 14. júlí 2008 og var úrtak 4800 manns 16 - 75 ára. Yfir 100 svarendur í hverju bæjarfélagi.

Gunnar Einarsson
Bæjarstjóri í Garðabæ

Árni Sigfússon
Bæjarstjóri í Reykjanesbæ

Jónmundur Guðmarsson
Bæjarstjóri á Seltjarnarnesi

> Björn Bergmann ekki áfram með ÍA

Skagamaðurinn Björn Bergmann staðfesti við Fréttablaðið í gær að hann myndi ekki leika með Skagamönnum í 1. deildinni næsta sumar. „Það er ekki enn komið á hreint hvað ég geri en helst vil ég komast út,“ sagði Björn sem hefur úr mörgu að velja í þeim efnum. „Það er áhugi frá Hollandi, Englandi, Þýskalandi, Noregi og Austurríki,“ sagði Björn en hvert vill hann helst fara? „Helst langar mig til Englands en líklegast væri best fyrir mig að komast að hjá liði í Hollandi. Við sjáum hvað setur en ég mun líklega heimsækja einhver félög á næstu vikum,“ sagði Björn sem er í 25 manna leikmannahópi Íslands fyrir landsleikinn gegn Hollandi og kemur í ljós á næstu dögum hvort hann kemst í aðalhópinn.

sport
sport@frettabladid.is



HALLGRÍMUR JÓNASSON: EFTIRSÓTTUR AF FJÖLDA FÉLAGA BÆÐI HÉR HEIMA OG ERLENDIS

Byrjar á því að skoða möguleikana erlendis

Húsvíkingurinn Hallgrímur Jónasson hefur farið mikinn í vörn Keflavíkurliðsins í sumar og frammiastaða hans þar vakið athygli víða. Hallgrímur er í skoðun hjá allt að tíu félögum í Skandinavíu og Belgíu. Eins og staðan er í dag má því mikið vera ef hann heldur ekki utan í atvinnumennsku. Geri hann það ekki er allt eins víst að hann leiki með öðru félagi en Keflavík í Landsbankadeildinni enda afar eftirsóttur. „Það er ýmislegt í gangi þessa dagana. Á meðal þeirra félaga sem hafa verið að skoða mig er sænska félagið GAIS og ekki ólíklegt að ég kiki á aðstæður þar fljótlega,“ sagði Hallgrímur en með liðinu leikur Eyjólfur Héðinsson og samherji Hallgríms hjá Keflavík, Jóhann Birnir Guðmundsson, lék áður með félaginu. „Þeir tala mjög vel um félagið og það kemur því vel til greina eins og annað. Gæti verið mjög fint næsta skref fyrir mig.“ Hallgrímur er einnig undir smásjánni hjá belgísku úrvalsdeildarfélagi. „Það félag heitir KV Kortrijk og komst upp í úrvalsdeild á síðustu leiktíð. Yfirmjósnari félagsins hefur verið að fylgjast með mér og var hrifinn. Hann er




núna að ræða við forráðamenn félagsins og það ætti að koma í ljós fljótlega hvort félagið geri mér tilboð,“ sagði Hallgrímur en minnst átta önnur félög hafa verið að skoða Húsvíkinginn sem er fyrirlíði U-21 árs liðs Íslands. Samningur Hallgríms við Keflavík rennur út um miðjan október og honum því frjálst að fara þangað sem hann vill. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa minnst fimm félög í Landsbankadeild þegar sett sig í samband við Hallgrím og svo vilja Keflvíkingar eðlilega halda Hallgrími. „Ég mun byrja á að skoða mína möguleika erlendis áður en ég tala við íslensk félög. Hugurinn stefnir eðlilega út þar sem ég get æft betur og bætt minn leik. Gangi það ekki eftir mun ég að sjálfsögðu ræða við Keflavík sem og önnur lið hér heima,“ sagði Hallgrímur sem var á leiðinni í stutt frí á æskustöðv-arnar. „Maður slappar hvergi betur af en á fallegasta stað landsins. Annars hefur áreiðit verið mikið síð-ustu daga og maður getur vart lagt símann frá sér,“ sagði Hallgrímur að lokum.

Arsenal fékk uppreisn æru

Arsenal svaraði fyrir háðulegt tap gegn Hull um helgina með stórsigri gegn Porto í Meistaradeildinni í gær. AaB var engin fyrirstaða fyrir Manchester Utd.

FÓTBOLTI Ensku félögin Arsenal og Manchester United lentu ekki í vandræðum með mótherja sína í Meistaradeild Evrópu í gærkvöld. Leikmenn Arsenal svöruðu kallinu frá Arsene Wenger þegar Porto kom í heimsókn á Emirates-leikvanginn í gærkvöld en knattspyrnustjórinn franski gagnrýndi lið sitt harðlega eftir tap gegn nýliðum Hull um síðustu helgi. Arsenal sýndi sitt rétta andlit og rúllaði Portúgölunum upp 4-0 þar sem Robin Van Persie og Emmanuel Adebayor skoruðu hvor um sig tvö mörk. „Við þurftum að koma Hull leiknum úr hausnum á okkur og bæta fyrir hann og það gerðum við. Það var mikilvægt að ná að snúa við blaðinu strax og við vissum að við gætum það,“ segir Van Persie í viðtölum í leikslok. Í hinum leiknum í G-riðli sótti Dynamo Kiev stig til Tyrklands þegar Úrkaínumennirnir gerðu þar markalaust jafntefli gegn Fenerbahçe.

Berbatov skoraði tvö Englands- og meistaradeildar-meistarar Manchester United réðu ferðinni frá upphafi til enda þegar þeir heimsóttu Danmerkur-meistara AaB frá Álaborg og unnu þar 0-3. Dimitar Berbatov opnaði markareikning sinn hjá United með tveimur mörkum en það fór vel á því að Búlgarinn gerði það í gærkvöld því fyrir leikinn var yfirmaður knattspyrnumála hjá AaB búinn að segja að kaupverð Berbatov myndi duga til reksturs á danska félaginu í sjö ár. Sigur United gæti þó reynst dýrkeyptur því bæði Paul Scholes og Wayne Rooney meiddust í leiknum. Í hinum leiknum í E-riðli nægði mark Marcos Senna Villarreal til þess að taka öll stigin gegn Celtic. Báðir leikir F-riðils enduðu með jafntefli, á milli Fiorentina og



GLEÐI Leikmenn Arsenal höfðu ástæðu til þess að gleðjast í gærkvöld þegar þeir yfirspiluðu Porto á Emirates-leikvanginum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Steaua annars vegar og Bayern München og Lyon hins vegar. Nokkrir aðdáendur München-félagsins vönduðu knattspyrnu-stjóranum Jürgen Klinsmann ekki kveðjurnar og báru skilti í stúk-unni sem á stóð, „farðu burt, Klinsmann“. En félagið hefur byrjað illa í þýsku deildinni. Í H-riðli héldu Madrídíngar áfram sigurgöngu sinni með úti-

sigri gegn Zenit frá Pétursborg en Hollendingurinn Ruud van Nistelrooy skoraði sigurmark Real Madrid í leiknum. Valsbanarnir í Bate Borisov komu á óvart með því að gera 2-2 jafntefli gegn Juventus og því allt opið í e-riðli. En Hvítrússarnir komust í 2-0 áður en Vincenzo Laquinta jafnaði leikinn með tveimur mörkum. omar@frettabladid.is

Jóhann Berg Guðmundsson á förum frá Blikum til stórliðs í Þýskalandi:

HSV vill semja við Jóhann Berg

FÓTBOLTI Hinn stórefnilegi Bliki, Jóhann Berg Guðmundsson, fer utan til Þýskalands á sunnu-dag þar sem hann fer í samningaviðræður við þýska stórliðið HSV sem hefur lengi haft augastað á leikmanninum og Breiðablik hefur þegar tekið tilboði félagsins í Jóhann. „Þeir eru búnir að vera að fylgjast með sér síðan um mitt sumar og málið er ansi langt komið núna. Ég er á leiðinni utan til þess að kíkja á aðstæður, spjalla við Martin Jol hjálfara og svo semja við félagið. Ég býst við að það gangi eftir og ég komi heim með tilboð,“ sagði Jóhann Berg spenntur og skal engan undra enda HSV eitt stærsta lið Þýskalands og hefur verið í Meist- aradeildinni. „Þetta er gríðarlega spennandi dæmi og mikið tækifæri. Félagið segist vilja nota unga leikmenn og ég hef ekki hug á að fara þarna út til þess að sitja á varamannabekknun. Ég stefni á að komast í aðal-



hópin hið fyrsta ef samningar nást,“ sagði Jóhann afar ákveðinn en mörg félög hafa litið hann hýru auga í sumar og hann hefur því ýmsa möguleika í stöðunni fari svo að samningar náist ekki við HSV.

„Ég hef meðal annars verið að ræða við AZ Alkmaar í Hollandi og það mál er svona næstlengst komið. Ég held því opnu ef allt klikkar í Þýskalandi. Svo vill Coventry líka fá mig en ég er ekkert sérstaklega spenntur fyrir því ef ég á að segja eins og er,“ sagði Jóhann Berg Guðmundsson. Hamburg hefur þess utan áhuga á varnarmanninum unga, Finni Orra Margeirssyni, og hefur boðið honum að koma og kíkja á aðstæður í vetur. - hbg

FNILEGUR Jóhann Berg sló í gegn í Landsbankadeildinni í sumar og hverfur brátt á braut. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÚRSLIT

Meistaradeild Evrópu

E-riðill:	
AaB-Man. Utd	0-3
0-1 Wayne Rooney (22.), 0-2 Dimitar Berbatov (55.), 0-3 Dimitar Berbatov (79.).	
Villarreal-Celtic	1-0
1-0 Marcos Senna (67.).	
F-riðill:	
Fiorentina-Steaua	0-0
Bayern München-Lyon	1-1
0-1 Juninho Pernambucano (26.), 1-1 Ze Roberto (52.).	
G-riðill:	
Arsenal-Porto	4-0
1-0 Robin Van Persie (31.), 2-0 Emmanuel Adebayor (40.), 3-0 Robin Van Persie (48.), 4-0 Emmanuel Adebayor (71.).	
Fenerbahçe-Dynamo Kiev	0-0
H-riðill:	
Zenit-Real Madrid	1-2
0-1 sjálfsmark (4.), 1-1 Danny (25.), 1-2 Ruud van Nistelrooy (31.).	
Bate Borisov-Juventus	2-2
1-0 Sergey Krivets (17.), 2-0 Igor Stasevich (23.), 2-1 Vincenzo Laquinta (29.), 2-2 Vincenzo Laquinta (45.).	

Powerade-bíkar karla í körfu:

KR og Snæfell komin í Höllina

KÖRFUBOLTI KR og Snæfell tryggðu sér sæti í undanúrslitum Powerade-bíkarsins í gærkvöld. KR vann 22 stiga útisigur á ÍR, 90-68, í Seljaskóla en Snæfell vann 25 stiga sigur á Tindastól í Hólminum, 97-72. KR-ingar voru með mikla yfirburði gegn ÍR. Helgi Már Magnússon (15 stig) átti frábær-an fyrri hálfleik, Jason Dourisseau (30 stig, 14 fráköst) skilaði sínu allan leikinn og bæði Jón Arnór Stefánsson (12 stig, 7 stoðsendingar) og Jakob Örn Sigurðarson (11 stig, 10 fráköst) áttu fína spretti. Sveinbjörn Claessen kom með 16 stig og 6 fráköst af bekknum og Tahirov Sani var með 11 stig og 13 fráköst. Snæfell tók völdin í 2. leikhluta gegn Stólunum og leit aldrei aftur eftir það. Sigurður Þorvaldsson skoraði 23 stig, Nikola Dzeverdanovic skoraði 17, Hlynur Bæringsson var með 16 stig og Jón Ólafur Jónsson skoraði 15 stig. Hjá Tindastól skoraði Michael Bonaparte 22 stig og Svavar Birgisson var með 21 stig. Hinir tveir leikir átta liða úrslitanna fara fram í kvöld þegar Njarðvík heimsækir Grindavík og Keflavík tekur á móti Þór Akureyri. - óóó



LÉTT Jón Arnór Stefánsson og félagar léku sér að ÍR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HAM

Verð á mann í tvíbyli frá

59.900 KR.

WEST

27.-29. DESEMBER

STOKE

ICELANDAIR er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Fulham, Hull og Man.Utd.

+ Nánari upplýsingar: www.icelandair.is/ithrottaferdir

WWW.ICELANDAIR.IS



ÚTGÁFUDAGUR 3. OKTÓBER

FIFA 09



**SENDU SMS *BTL FBB*
Á NÚMERID *1900*
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!**

Vinningar eru Fífa 09, TÖLVULEIKIR, DVD, PEPSI OG MARGT FLEIRA



FIFA 09

- 250 breytingar frá síðustu útgáfu
- Gráfíkin aldrei betri
- Fleiri spilunarmöguleikar
- Mun meiri hraði
- Aukinn viðbragðshraði leikmanna
- Besti FIFA til þessa

9.
HVER VINNUR!

> Heidi Klum

„Við erum ákaflega stolt af Project Runway. Þátturinn sýnir að þó að fjármagn sé takmarkað getur hæfi-leikaríkt fólk með góðar hugmyndir náð útrúlegum árangri.“ Klum stjórnar ásamt Tim Gunn tiskuhönnunarkeppni í þættinum Project Runway sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON BROSIR YFIR SEINFELD

George veit hvað hann syngur

Þegar nánast ómögulegt er að horfa lengur á fréttatímann og Kastljósið vegna endalausra hryllingsfregna af efnahagsástandinu er langbest að beina sjónum í aðrar áttir.

Seinfeld og félagar eru hárrétta aðilarnir til að létta á manni brúnina, hvort sem þeir finnast á Stöð 2 Extra eða einfaldlega í snyrtilega útbúnum fjögurra diska DVD-pakka. Jakkafataklæddir bisnessmenn eða vandræðalegir ráðamenn eru þar hvergi nærri og í staðinn getur maður velt sér upp úr misheppnuðum ástarævintýrum Seinfelds, Georges og Elaine, ótrúlegum uppátækjum Kramers og alls þar á milli. Mæli ég eindregið með þessari afþreyingu ef menn vilja stinga höfðinu í sandinn augnablik og létta sína lund.

Einn Seinfeld-þáttur er sérlega minnstæður og mættu íslenskir ráðamenn í raun taka hann sér til



fyrirmyndar. George hafði áttað sig á því að allar ákvarðanir sem hann hafði tekið í lífinu hefðu verið rangar og ákvað í framhaldinu að gera allt öfugt við það sem hann myndi venjulega gera. Árangurinn var ótrúlegur því skömmu síðar var hann bæði kominn með fallega kærustu og draumastarfið sitt og nýtt og betra líf blasti við honum.

Já, George var kominn í öngstræti, orðinn leiður á því að ekkert gekk og ákvað því að taka til sinna ráða. Aðgerðarleysi er aldrei af hinu góða þegar allt er komið í óefni og meira að segja George var nógu klókur til að átta sig á því.

SEINFELD Gamanþættirnir Seinfeld eru fyrir löngu orðnir sígilt sjónvarpsefni.

EKKI MISSA AF



► 18.30 Shakhtar - Barcelona STÖÐ 2 SPORT 4



► 20.10 Kitchen Nightmares SKJÁREINN



► 20.30 Special Unit 2 STÖÐ 2 EXTRA



► 21.10 Hotel Babylon STÖÐ 2



► 22.25 Kiljan SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 14.00 Setning Alþingis
14.15 Hlé
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin (32:52)
17.55 Gurra grís (57:104)
18.00 Disneystundin
18.01 Stjáni (1:26)
18.24 Sigildar teiknimyndir (1:42)
18.31 Gló magnaða (66:87)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.00 Afríka heillar (Wild at Heart II)
20.50 Hvaða Samantha? (Samantha Who?)
21.15 Heimkoman (October Road II)
22.00 Tíufréttir
► 22.25 Kiljan Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.
23.10 Matthew Barney (Matthew Barney - No Restraint) Frönsk mynd um bandaríska myndlistarmanninn Matthew Barney og tilurð verks hans, Drawing Restraint 9, í Japan. Kona listamannsins, Björk Guðmundsdóttir, kemur þar mikið við sögu.
00.25 Kastljós (e)
00.45 Dagskrárlok
- BIÓ
- 08.00 Wallace & Gromit: The Curse of the Were-Rabbit
10.00 Thunderstruck
12.00 Hoot
14.00 Rebound
16.00 Wallace & Gromit: The Curse of the Were-Rabbit
18.00 Thunderstruck
20.00 Hoot Roy flytur með fjölskyldu sinni til Flórída Þar sem hann eignast góða vini sem eiga það sameiginlegt með honum að vera náttúruunnendur.
22.00 Hendrix
00.00 Midnight Mass
02.00 Spartan
04.00 Hendrix
06.00 Le petit lieutenant

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Krakkarnir í næsta húsi, Justice League Unlimited og Kalli kanína og félagar.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (160:300)
10.15 Grey's Anatomy (5:9)
11.10 60 Minutes
12.00 Hádegisfréttir
12.35 Neighbours
13.00 Sisters (9:28)
13.45 Life Begins (1:6)
14.35 ER (4:25)
15.25 Friends (21:23)
15.55 Skrímslaspilið
16.18 BeyBlade
16.43 Tommi og Jenni
17.08 Gulla og grænjaxlarnir
17.18 Ruff's Patch
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.15 Víkingalottó
19.20 Veður
19.30 The Simpsons (5:22)
19.55 Friends (9:25)
20.20 Project Runway (5:15) Vinsælasti tiskuraunveruleikaþátturinn í Bandaríkjunum. Heidi Klum og Tim Gunn stjórna hörku-spennandi tiskuhönnunarkeppni þar sem markmiðið er að uppgötva næsta hönnuð í heimi hátískunnar.
► 21.10 Hotel Babylon (8:8) Charlie Edwards er hótelsstjóri á hóteli fina og fræga fólksins og sér til þess hvern dag að starfsfólkið hafi hugann við það sem skiptir máli.
22.05 Ghost Whisperer (46:62)
22.50 Oprah
23.35 Dagvaktin (2:11)
00.05 The Tudors (9:10)
01.00 ER (4:25)
01.50 Ginger Snaps Back
03.20 Crossing Jordan (14:21)
04.05 Pushing Daisies (5:9)
04.50 Hotel Babylon (8:8)
05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07.00 Meistaradeild Evrópu
07.40 Meistaradeild Evrópu
08.20 Meistaradeild Evrópu
09.00 Meistaradeild Evrópu
14.55 Meistaradeild Evrópu Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspynu.
16.35 Meistaradeild Evrópu
17.15 Spænsku mörkin Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar ásamt þeim Ólafi Kristjánssyni og Heimi Guðjónssyni.
18.00 Meistaradeild Evrópu - upphitun
► 18.30 Meistaradeild Evrópu Bein útsending frá leik Liverpool og PSV í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. CFR - Chelsea Sport 4. Shakhtar - Barcelona
20.40 Meistaradeild Evrópu Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.
21.20 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik CFR og Chelsea.
23.10 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik Shakhtar og Barcelona.
01.00 Meistaradeild Evrópu

SPORT 2 enski boltinn

- 16.50 Enska úrvalsdeildin
18.30 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
19.00 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markabætti.
19.30 English Premier League
20.25 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
21.45 Leikur vikunnar
23.25 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Everton og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.45 Vörutorg
17.45 Dr. Phil Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frá-bærar sögur og gefur góð ráð.
18.30 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.20 Innlit / útlit Hönnunar- og lífsstíls-þáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við. Þau heimsækja skemmtilegt fólk og áhugaverð fyrirtæki og sýna hagnýtar og skemmtilegar lausnir fyrir heimilið. (e)
► 20.10 Kitchen Nightmares (6:10) Kjafftöri kokkurinn Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu. Núna heimsækir hann háklassa veitingastað sem vantar allan stíl. Kokkurinn er kjafftöri og sættir sig ekki við neina gagnrýni. Eigandinn er á barmi gjaldþrots og það logar allt í illindum.
21.00 America's Next Top Model - NÝTT
22.30 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
23.20 Friday Night Lights (e) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Tim Riggins er ekki í náðinni hjá nýja þjálfaranum og það er enginn kærleikur milli Smash og Matts. Taylor þjálfari snýr heim og sér gamla liðið sitt í molum og Julie dóttir hans er á hættulegri braut.
00.10 Eureka (e)
01.00 Vörutorg
02.00 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

AMERICAN EXPRESS

LOGI Í BEINNI
Á FÖSTUDAG KL. 19:55

Gestir þáttarins eru: Kristján Jóhannsson
Björgvin Halldórsson
Hljómsveitin Motion Boys
Milljarðamæringarnir

skemmtilegri

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.05

Ghost Whisperer

Melinda Gordon er gædd sjötta skilningarvitinu og er því, oft gegn eigin vilja, í nánú sambandi við hina framlíðnu. Köllun hennar er að aðstoða þá sem nýlega hafa horfið á sviplegan hátt yfir móðuna miklu við að koma mikilvægum skilaboðum til sinna nánustu í heimi lifenda, svo þeir fái að hvíla í friði. Jennifer Lowe Hewitt og Camryn Manheim fara með aðalhlutverkin í þessum draugalegu en jafnframt dramatísku spennuþáttum.



► VIÐ MÆLUM MED

America's Next Top Model NÝTT

Skjäreinn kl. 21.00

Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Ellefta þáttaröðin hefst í Los Angeles þar sem þrjátíu stúlkur hafa verið valdar til að hefja leikinn en aðeins fjórtán munu komast áfram í næsta þátt. Óvænt yfirlýsing eins keppandans kemur hinum stúlkunum gjörsamlega í opna skjöldu.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.03 Útvarpssagan: Sveigur
06.40 Veðurfregnir	15.30 Heimsauga
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.25 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
10.03 Veðurfregnir	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Brot af eilífðinni	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Stefnumót
12.00 Fréttayfirlit	21.10 Út um græna grundu
12.02 Hádegisútvarp	22.07 Veðurfregnir
12.20 Hádegisfréttir	22.12 Orð kvöldsins
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	22.15 „Ég trúi því, sannleiki...“
13.00 Íslands lag	23.10 Krossgötur
13.30 Frá setningu Alþingis	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (27:260) Bresk ungl-ingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks (28:260)

17.00 Seinfeld (21:24)

17.30 Special Unit 2 (18:19)

18.15 Skins (5:10)

19.00 Hollyoaks (27:260)

19.30 Hollyoaks (28:260)

20.00 Seinfeld (21:24)

► **20.30 Special Unit 2** (18:19) Gaman-samir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftan en ekki eru af yfirmáttúrulegum toga.

21.15 Skins (5:10) Átakanleg bresk þátta-röð um unglina sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átroksunar, eiturflyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.

22.00 Chuck (5:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur og lifir frekar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.

22.45 Terminator: The Sarah Connor Chronicles (3:9)

23.30 Twenty Four 3 (19:24)

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Vangaveltur Umsjónarkona er Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Vangaveltur um heilsu, lífsviðhorf og heilbrigði. Kristbjörg Kristmundsdóttir og Edda Björgvinsdóttir mæta til leiks ásamt Lilju Oddsdóttur.

21.00 Ármann á alþingi Ármann Kr. Ólafsson alþingismaður ræðir um stjórnmál við gesti sína.

21.30 Í kallfæri Þáttur í umsjón Jóns Kristins Snæhólms. Hann fær til sín góðan gest.

Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update **10.10** Kontant **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.25** Grøn glæde **11.50** Ha' det godt **12.20** Hammerslag **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update **13.10** Boogie Mix **14.00** Pigeme Mod Drengene **14.30** Hannah Montana **14.55** Svampebob Firkant **15.20** Grumme historier om grusomme børn **15.30** Skæg med tal **15.55** Gurlí Gns **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Tæt på. Tretten børn og flere i vente **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.15** Ónsdags Lotto **21.20** OBS **21.25** Seinfeld **21.50** Dine, mine og vores børn **22.20** Styr på fællesskabet

NRK1

10.00 nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** nyheter **12.05** Barnen **12.30** Allo, „Allo! **13.00** nyheter **13.03** Utfordringen **13.30** Dracula junior **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Mona Mørk **15.00** nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Uventet besøk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Rupert Bjørn **16.10** Ugler i mosen **16.30** Lure Lucy **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Tingenes tilstand **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.50** House **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** The Wire **22.40** Ikke si det til mamma... **23.30** Kulturnytt

1 SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Bostad sökes **11.10** Rubrikernas män **12.40** Andra Avenyn **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Mega **15.00** Lilla prinsessan **15.10** Dagens visa **15.15** Alfons Åberg **15.25** Den itu-sågade kaninen **15.40** Hemska Henry **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheter **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Plus **19.30** Carin **21.30** **20.00** Tell me You Love me **20.50** Livet i Fagenvik **21.35** Kulturnyheter **21.50** Svensson, Svensson **22.20** Sändningar från SVT24

ÞAÐ ER

ÓDYRARA

AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

30% afsláttur af fyrsta mánuðinum ef áskrift er keypt á Netinu

FRINGE – frá höfundum Lost

GREY'S ANATOMY – snýr aftur

PRISON BREAK – aldrei betri!

skemmtilegri

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég hlusta mikið á tónlist og er með mjög breiðan tónlistarsmekk. Ef ég á að nefna eitthvað sem mér þykir vænt um er það til dæmis Damien Rice, og svo hlusta ég töluvert á GusGus, sem ég uppgötvaði bara fyrir fjórum mánuðum og á núna allar plöturnar. Elsta hljómsveitin sem ég held upp á er Genesis og svo get ég verið í ferlega væminni tónlist líka.“

Reynir Sýrusson hönnuður.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. tala, 6. járnstein, 8. stúlka, 9. hlaup, 11. voði, 12. transistor, 14. matarsamtíningur, 16. pot, 17. atvikast, 18. leyfi, 20. tveir, 21. þefa.

LÓÐRÉTT
1. dægurs, 3. hljóm, 4. fugl, 5. af, 7. lúberja, 10. gæfa, 13. fljóttærni, 15. jarðefni, 16. önn, 19. klaki.

LAUSN
1. af, 2. tala, 3. hljóm, 4. fugl, 5. af, 6. járnstein, 7. leimstra, 8. mæri, 9. gæl, 10. lán, 11. vö, 12. smátt, 13. fljóttærni, 14. snarl, 15. jarðefni, 16. önn, 17. atvikast, 18. leyfi, 19. klaki, 20. tveir, 21. þefa.

- VEISTU SVARID
- Svör við spurningum á síðu 8.
- 1

Jónína Benediktsdóttir.
- 2

Jón Ásgeir Jóhannesson.
- 3

Aldargömul.

Er HREINT hjá þér?

Fagleg ræsting fyrirtekja og stofnana



• Reykjavík • Akureyri • Selfossi

Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

10%

vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**



- bankinn þinn



Friðrik Ómar minnst Hrafnhildar Lilju

Söngvarinn Friðrik Ómar ætlar að halda styrktartónleika í Ólafsfjarðarkirkju vegna sviplegs fráfalls Hrafnhildar Lilju Georgsdóttur í Dóminíska lýðveldinu á dögunum.

Friðrik, sem er frá nágranna-bænum Dalvík, þekkti Hrafnhildi lítillega. „Það eru ekki nema átján kílómetrar á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur og það kannast allir við alla,“ segir hann.

Tónleikarnir áttu upphaflega að vera hefðbundinn hluti af tónleikaferð Friðriks um Norðurland en eftir fráfall Hrafnhildar ákvað hann að breyta þeim í styrktartónleika. Rennur allur ágóðinn í styrktarsjóð sem vinir hennar hafa stofnað. „Lítið bæjarfélag

lamast við svona og þá er gott að koma saman og hlusta á fallega músík,“ segir hann.

Friðrik lauk nýverið tónleikaferð um Austurland sem heppnaðist einkar vel. „Það var mjög gaman. Mér var boðið í heimahús eftir hverja tónleika og maður fékk nýjar hreindýrabollur og ég veit ekki hvað og hvað. Það er gaman að fara út á land. Þar er allt önnur stemmning og allt einhvern veginn persónulegra.“

Fyrstu tónleikar Friðriks á Norðurlandi verða í Blönduóskirkju í kvöld. Annað kvöld verða síðan tónleikarnir í Ólafsfjarðarkirkju og á föstudag lýkur ferðinni í Dalvíkirkirkju. Allir tónleikarnir hefjast klukkan 20.30.

- fb



HRAFNHILDUR LILJA Lést á sviplegan hátt í Dóminíska lýðveldinu fyrir skemmstu.



FRIDRIK ÓMAR Söngvarinn Friðrik Ómar heldur styrktartónleika á fimmtudag til að minnst fráfalls Hrafnhildar Lilju Georgsdóttur.



SÉRA VIGFÚS VIÐ VERK MAGNÚSAR Höfuðstöðvar Glitnis að kvöldlagi, líkt og leiktjöld fyrir peningahyggju og græðgisvæðingu, en í horninu er verið að krossfesta mann.

SÉRA VIGFÚS ÞÓR ÁRNASON: VIÐ SITJUM ÖLL Í ÞESSARI SÚPU

Krossfestur við hús Glitnis

„Myndin er sterk í ljósi síðustu atburða. Firnasterk,“ segir Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur.

Á nýnda áratugnum málaði Magnús heitinn Kjartansson listmálari verk sem virðist fela í sér eins konar forspárgildi í ljósi vendinga á fjármálamörkuðum og stöðu Glitnis banka á markaði. Þar eru höfuðstöðvar Glitnis eins og leiktjöld – fyrir neyslujóðfélagið, peningahyggju og græðgisvæðingu, að kvöldlagi, en í horninu, svo lítið ber á, er verið að krossfesta mann.

„Jújú, forspárgildi. Þegar Magnús málaði myndina voru þarna höfuðstöðvar SÍS. Viða í verkum Magnúsar er ádeilubroddur á hugsunarhátt græðginnar og peningavæðingar. En með ljóðrænum og pótískum

hætti,“ segir Aðalsteinn en Magnús er tvímælalaust einn af stóru póstum í íslenskri listasögu. „Það er mikill missir af honum en hann dó fyrir fáeinum árum hálfsextugur maðurinn.“

Verkið hangir uppi í Grafarvogskirkju og er í eigu listakonunnar Koggu sem er ekkja Magnúsar. Í kirkjunni er sóknarprestur séra Vigfús Þór Árnason sem segir þetta verk á heimsmælikvarða. „Og á ótrúlega vel við núna. Þarna voru útvegsmenn, svo SÍS, Sambandið og þá kom turninn á húsíð, Íslandsbanki var þarna sem svo breyttist í Glitni. Og vinstra megin við húsíð er verið að krossfesta Krist,“ segir séra Vigfús. „Eða eins og á Valhúsa-hæðinni,“ segir Aðalsteinn. Hvern

er eiginlega verið að krossfesta við Glitnishúsið?

Séra Vigfús segir heiminn merki- legan. Einhverjir bankar úti í hinum stóra heimi láni ótakmarkað húsbréf og allur heimurinn fari á hliðina. Aðspurður hvort hann greini ugg meðal sóknarbarna í ljósi hræringa á fjármálamarkaði segir séra Vigfús svo vera. „Ég held nú, eins og mannlífið er, að allur almenningur, gamla fólkið, þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af bréfum. Þannig er nú með flesta. En þegar krónan hefur lækkað um fimmtíu prósent, og sá sem skuldaði milljón skuldar nú eina og hálfa milljón, jú, við erum öll í þessari súpu. Líkt og við séum að detta tíu ár aftur á bak.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓKI

Auður Haralds, hinn landsþekkti húmoristi og rit-höfundur, er þekkt fyrir að hafa munninn fyrir neðan nefið og láta engan eiga neitt inni hjá sér. Hún gekk skrefinu lengra í gær en þá var tekið til meðferðar skuldamáli í héraðsdómi sem hún rekur á hendur **Páli Björgvinsyni**. Þar mun einkum vera um að ræða málefni tengd nágrannaerjum og því að Páll harðneitar að taka þátt í kostnaði við þakviðgerðir sem Auður réðst í.

Sigmundur Ernir Rúnarsson er nú að safna vopnum sínum í þáttinn Mannamál. Sigmundur bauð í fyrra upp á öfluga pistlahöfunda: Einarana Kárason og Má Guðmunds-

son. Einar Már er nú hættur en Sigmundur leitaði ekki langt yfir skammt heldur beint aftur í skálda-félag sitt sem kennt hefur verið við Grafarvoginn og mun **Mikael Torfason** taka við kyndlinum og flytja pistla sína á móti Kárasyni í þættinum.

Athafnamaðurinn **Björgólfur Thor Björgólfs-son** lét ekki ástandið í efnahagslífinu standa í vegi fyrir daglegri líkamsrækt sinni í gær. Björgólfur tók vel á því á hlaupabrettinu í Laugum, en þurfti reyndar einu sinni að bregða sér afsíðis til að tala í símann.

Hróður **Emilíönu Torri**ni heldur áfram að berast um heimsbyggðina. Nú hefur það verið kunngjört að lagið Jungle Drums, af nýút-kominni plötu söngkonunnar, heyrir í fyrsta þætti nýrrar þáttaraðar hinna sívinsælu Grey's Anatomy.

- jbg, hdm

Ný hugsun í sölu tónlistar á netinu

Eldar Ástþórsson hætti sem kunnugt er afskiptum af Iceland Airwaves fyrr á þessu ári. Hann hefur ekki setið auðum höndum síðan, er framkvæmdastjóri Kraums tónlistarsjóðs auk þess að vinna að stóru byltingarkenndu vefverkefni með hópi fólks, Gogoyoko.com.

„Þetta verður breiður vettvangur fyrir tónlistarfólk og réttthafa til að kynna, selja og miðla tónlist,“ segir Eldar. „Við komum með nýjar hugmyndir auk þess sem við betrubættum og sameinum það sem þegar er í boði. Og við hugsum þetta í alþjóðlegu samhengi.“

Tónlistar- og útgáfubransinn er í miklu uppnámi um þessar mundir. Eftir því sem næst verður komist mun Gogoyoko sameina eiginleika vefsíðna eins og Last Fm, iTunes og Myspace auk þess að bjóða upp á nýja eiginleika. Prósentuskipting

innkomunnar verður tónlistarfólkinu mjög í hag. Í stað helmings eins og iTunes býður fær listamaðurinn 90 prósent hjá Gogoyoko, en tíu prósent renna til góðgerðamála. Sjálf treystir vefsíðan á auglýsingatekjur til að reka sig.

„Það sem helst er markaður fyrir núna er ný hugsun,“ segir Eldar. „Það er mjög hörð samkeppni í þessu en enginn er að gera það sama og við. Við gerum okkur grein fyrir sérstöðu okkar og erum fullir sjálfstrausts. Við verðum að koma með eitthvað nýtt sem gagnast bæði neytendum og tónlistarfólki. Við gætum alveg eins gleymt þessu ef við gerðum það ekki.“

Í dag er á Gogoyoko.com einungis boðið upp á blogg og þann möguleika að skrá sig á póstlista. Verið er að þróa tæknina og stefnt er á að síðan verði komin í gagnið snemma á næsta ári.

- drg



TÓNLISTARHEIMURINN ER Í UPPNÁMI Eldar Ástþórsson fer fyrir Gogoyoko sem boðar nýja hugsun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Við framlengjum til sunnudags

**Allra síðustu dagar
síðustu útsölnunnar í bænum**

**Verslunin lokar
Allt, já allt á að seljast
Ótrúleg verðlækkun!**

**Margir eru forsjálir og gera
jólainnkaupin á útsölnunni
og gamla genginu**

Opið 9 til 18 fram að helgi



Veidimaðurinn – Hafnarstræti 5 – 101 Reykjavík

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Gesthús Dúna
Tveggja manna herbergi
á **kr. 5.000** nóttin
Svefnpokaþláss
kr. 1.500 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is



BAKPANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur

Góði pabbi, vondi pabbi

Vökustaurar forfeðranna hafa nú loks endurheimt hlutverk sitt síðustu orlaganætur. Ósofnir og veðraðir víkingarnir hafa snúið aftur til að færa okkur almúganum þau tíðindi að skildirnir séu brotnir, axirnar hauslausar og útrásin hafi breyst í innrás. Vígamennirnir vega mann og annan og nú er af sem áður var; allir eru berir um bak því enginn finnst bróðirinn lengur. Engin furða að þeim hafi ekki komið blundur á brá. Áður var mjóróma gagnrýni hinna óbreyttu á ofurlaun víkinganna svarað með fullyrðingum um yfirnáttúrulegt hæfi þessara manna, hver þeirra var jafn mikils virði og hundrað óbreyttir.

MÝLDUR lýðurinn muldraði í barminn en lét gott heita eins og alltaf, enda hlaut þjóðfélaginu að vera mikill akkur í svona verðmætu fólki. Á meðan hinn almenni borgari ergði sig á hækkan matarkörfunnar upp fyrir neðri skýjamörk var spilað með töluvert hærri fjárhæðir á næturfundum víkinganna. Venjuleg úrlausnaræfni hversdagsins verða hjóm eitt hjá alvörubusiness þar sem heilu fyrirtækjunum er þrusað þvers og kruss yfir borðið. Hver hefur eirð í sér til að steikja fiskibollur og snýta krakkagrísúm þegar spurningin vofir yfir okkur öllum: Tekst að stöðva dómínóið? Litla, meðvirka þjóðin í norðri veit nú ekki sitt rjúkandi ráð. Eftir áralangan sameiginlegan pirring yfir vantrausti erlendra fjölmiðla og skæting í garð útrásarhetjanna eru nú aftur tvær skoðanir í boði. Helmingurinn getur verið sannfærður um að Davíð hafi bjargað bönkum og þjóð frá glötun, hafi upp á eigin spýtur reddað málunum með töfaralegum einleik á ögurstundu. Hinir eru einna helst á því að Davíð hafi verið að hefna persónulegra harma sinna. Einhvern veginn snýst allt aftur um Davíð. Einmitt þegar við vorum farin að vona að hann myndi una glaður við sitt spakur og hlédrægur kemur hann eins og upprisinn múmía sem hefur endurheimt undrakraftana. Nú verður allt gott því pabbi er kominn aftur til að passa okkur.

PAR sem fyrirsjáanlegt er að bankastjórnir og við hin verðum bráðum öll á strípuðum ríkistöxtum munum við kannski eiga fleira sameiginlegt en áður. Verðum ein þjóð á ný. Kannski blankari en vonandi reynslunni ríkari.



GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn
1. október, 275. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.37	13.17	18.55
Akureyri	7.24	13.02	18.38

Heimild: Almanak Háskólans

Stærsta barnavöru og leikfanga lagersala landsins heldur ÁFRAM!

Opnunartími
Virka daga: 12-18
Laugardaga: 12-16
Sunnudaga: Lokað

Erum með frábær og skemmtileg húsgögn fyrir börnin.
Mikið úrval af húsgögnum handa stelpum og stráku.

-takmarkað magn

Flugvélakojá og skápur

ABC rúm - frábært rúm með gestarúmi

Verð áður: 29.900
Nú: 9.950

Verð áður: 28.900
Nú: 23.900

Skrifborðsstóll - 4 litir
Blár, bleikur, grænn og appelsínugulur

Verð áður: 5.200
Nú: 1.090

Bensinstöð
-Skápur og skrifborð
Litir: Hvítt, rautt og blátt

Verð áður: 38.900
Nú: 12.900

Formúlu 1 rúm
- Frábært rúm fyrir strákana
Litir: Hvítt, rautt og blátt

Verð áður: 38.900
Nú: 19.900

Mikið úrval af ódýrum leikföngum

Box fyrir leikföngin
- Skemmtilegar hirslur fyrir dótið

Verð áður: 1.899
Nú: 499

Handklæði

Verð áður: 1.999
Nú: 499

Fallegar mottur fyrir börnin - margar gerðir

Verð áður: 1.900
Nú: 699

Lagersalan er að Miðhrauni 2 - við brúna hjá Ikea